

## Vilja leysa jörð undan álveri

Eigendur jarðar við Straumsvík krefjast þess að fá að nýta jörðina í ljósi nýrra Evrópureglna sem banna stóriðnaði að þynna mengun út af eigin lóð.

**HAFNARFJÖRÐUR** Ný skilgreining á þynningarsvæði í kringum álverid í Straumsvík hefur endurvakið áratuga gamlar deilur um kvaðir á jarðir þar í kring.

Nýjar Evrópureglur heimila ekki lengur að stóriðnaði sé heimilt að þynna mengun á jörðum utan verksmiðjunnar. Hafa eigendur Óttarsstaða krafid Hafnarfjarðarbæ um að breyta skipulagi svæðisins í samræmi við það.

„Starfsleyfi álversins í Straumsvík rann nýlega út og var ákveðið að framlengja það óbreytt um eitt ár. Eigendur Óttarsstaða telja það ekki fá staðist í lögum að tilviljunarkennd atriði ráði starfsleyfi álversins,” segir Ragnar Aðalsteinson, lögmaður eigendanna. Hefur hann mótmælt ákvörðuninni og er hún nú á borði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Nú er hins vegar rætt um að svæðið verði skilgreint varúðarsvæði en ekki þynningarsvæði. Muni eigendurnir því áfram ekki mega nýta landið eins og þeir kjósa. Hefur Ragnar einnig mótmælt því bréfléiðis.

„Umhverfisstofnun, verksmiðjan og Hafnarfjarðarbær sitja á fundum og ræða framtíðarráðstöfun á landi Óttarsstaða, að mínu viti án heimildar, og virðast telja að hægt sé að komast undan niðurfellingu þynningarsvæða með því að breyta um nafn,” segir Ragnar. „Ekkert samráð hefur verið haft við eigendurna sem þurfa að þola mengunina og skerðingu á eignarrétti.”

Ragnar segir eigendurna fúsa til sölu eða leigu á umræddum hluta jarðarinnar en það hafi ekki verið tekið í mál. Heldur ekki að greiða skadabætur en Ragnar telur ríkið,

**Ekkert samráð hefur verið haft við eigendurna sem þurfa að þola mengunina og skerðingu á eignarrétti.**

Ragnar Aðalsteinson lögmaður



bæinn og álverid hafa sömu hagsmunum af því að geta nýtt land Óttarsstaða án endurgjalds.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi, hafnar skadabótaábyrgð í svarbréfi til Ragnars og beinir erindi um skipulag til Hafnarfjarðarbæjar. Málið er á byrjunarreit hjá Hafnarfjarðarbæ og hefur bæjarráð falið lögmanni að svara bréfi Ragnars.

„Þynningarsvæðið er nú þegar skilgreint sem varúðarsvæði í aðalskipulagi þannig að þetta er engin breyting á skipulagi,” segir Hlín Gísladóttir, lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Við erum nú að vinna að því að fella þynningarsvæði á brott úr starfsleyfinu en engin ákvörðun hefur verið tekin.“ Samkvæmt skilgreiningu er varúðarsvæði svæði þar sem hætta er fyrir heilsu og öryggi, svo sem vegna mengandi starfsemi. Kvaðir myndu því haldast. — kth

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)


## Skrafl vinsælt í kófinu

**LÍFIÐ** Orðaspilið Scrabble, eða Skrafl eins og það kallast á íslensku, hefur rokið upp í vinsældum í kófinu og nú er einnig vinsælt að spila það á netinu. Spilið hefur selst í yfir 150 milljónum eintaka í meira en 120 löndum og segir Vilhjálmur Þorsteinsson, hugbúnaðarhönnuður og meðlimur í Skraflfélagi Íslands, spilið sérstaklega skemmtilegt sé það spilað á íslensku.

„Á íslensku er auðveldara að þróna framan við og aftan við orð út af beygingarmyndunum. Meðal-

lengd orða í íslensku skrafl er því mun lengri en í því enska,” segir hann en Vilhjálmur stofnaði vefsíðuna netskrafl.is árið 2015 þar sem spila má íslenska útgáfu spilsins.

Vefurinn hefur notið mikilla vinsælda og segir Vilhjálmur að kófið hafi einungis kynt undir áhuga á spilinu. „Ég mæli fjölda viðureigna á síðunni sem lýkur á hverjum degi, en eftir að kófið skall á hefur þeim fjölgað um 30-40 prósent. Það sést mjög skýrt að fólk er að skrafla meira undanfarið.” — atv / sjá síðu 22



Tómlegt var um að litast í þingsal þegar fjármála- og efnahagsráðherra talaði fyrir sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka síðdegis í gær. Salan er umdeild og var mælendaskráin löng eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Verð frá 5.690.000 kr.




Skapaðu rafmagnaða stemningu  
**Nýr Tiguan eHybrid**



Væntanlegur í mars

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · [www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)



## Tuttugu andlát tengd sýkingu á Landakoti

**COVID-19** Enginn undir 31 árs aldri hefur þurft að fara í öndunarsvél vegna COVID-19 hér á landi frá því að smit greindist hér fyrst í lok febrúar í fyrra. Flestir sem þurft hafa á öndunarsvél að halda á Landspítala eru á aldrinum 66-70 ára, eða níu talsins. Alls hafa 26 einstaklingar farið í öndunarsvél á Landspítalanum það sem af er faraldrinum og fjórir á Akureyri.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar alþingismanns um fjölda sýkinga og andláta af völdum kórónaveirunnar.


» Flestir sem þurft hafa á öndunarsvél að halda á Landspítala eru á aldrinum 66-70 ára.

Fjórtán einstaklingar létust á Landspítala í kjölfar hópsmits sem upp kom á Landakoti og tveir létust á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík. Þá má einnig rekja andlát þriggja einstaklinga á hjúkrunarheimilinu Sólvöllum á Eyrarbakka til sömu hópsýkingar ásamt andláti einstaklings sem lést á Landspítala eftir smit á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ.

Alls hafa 29 einstaklingar látist hér á landi af völdum COVID-19.

– bj

## Niðurrif við Hringbraut



Niðurrif stóð yfir á Steindórsreit við Hringbraut í gær. Svæðið gegnt JL-húsinu var áður kennt við verslun Byko og síðar verslunina Viði, áður voru þar JL Byggingavörur. Til stendur að byggja þar 84 íbúðir í þremur fjölbýlishúsum, tveggja til fimm hæða. Atvinnustarfsemi verður á jarðhæð. Til stóð á tímabili að reisa þar fimm hæða hótél en þeim áformum var breytt. Eigandi reitsins er þróunarfélagið Kaldalón. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Svavar Gestsson látinn

**ANDLÁT** Svavar Gestsson, fyrrverandi alþingismaður, ráðherra, ritstjóri og sendiherra, er látinn, 76 ára að aldri. Guðrún Ágústsdóttir, eftirlifandi eiginkona hans, sendi frá sér tilkynningu í gær.

Svavar var áberandi stjórnmálaforingi á vinstri vængnum frá síðari hluta áttunda áratugarins og fram til aldamóta. Hann gegndi embætti viðskiptaráðherra frá 1978 til 1979 og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 1980 til 1983. Árið 1988 var hann skipaður menntamálaráðherra og gegndi því embætti til 1991.

Árið 1999 var hann skipaður sendiherra og varð fyrst aðal-



ræðismaður Íslands í Winnipeg í Kanada. Þar starfaði hann sem framkvæmdastjóri hátiðahalda Íslendinga vegna landafunda og landnámsafmæla í Kanada og norðurríkjum Bandaríkjanna.

Svavar varð síðan sendiherra í Stokkhólmi og auk þess sendiherra Íslands í Banglades, Srí Lanka, Pakistan, Serbíu, Búlgaríu og Albaníu. Hann var sendiherra í Danmörku 2005 til 2009 og jafnframt sendiherra í Ísrael, Slóveníu, Túnis, Tyrklandi og Rúmeníu. Hann var sérstakur fulltrúi utanríkisráðherra gagnvart Afríkusambandinu 2008. – þþ

# Hanna búsetukjarna fyrir eldri femínista

Konur yfir sextugt vilja búa saman í sérhönnuðum búsetukjarna fyrir femínista og sjálfbæran lífsstíl á Bræðraborgarstíg. Bygging húsnæðisins er nú í undirbúningi að fyrirmynd Baba Yaga-hugmyndafræðinnar í Frakklandi.

**SAMFÉLAG** „Þarna yrðu íbúðir fyrir konur yfir sextugt sem aðhyllast femínisma, sjálfbærni og samstöðu.“ segir Sigríður Elfa Sigurðardóttir, myndlistarkona og hönnuður.

Sigríður er í hópi kvenna sem nefnist Femínistar 60+ en þær hyggjast koma á fót sameiginlegum búsetukjarna þar sem konur njóta stuðnings og samneytis við aðrar konur með svipuð lífsgildi. Þær eru í samfloti með Þorpi vistfélagi sem mun byggja á brunarústum Bræðraborgarstígs og í kring.

Runólfur Ágústsson, verkefnisstjóri Þorps, segir uppbygginguna miðast við að slíkt systrahús verði þar og hönnun og skipulag verði í sátt og samvinnu við borgaryfirvöld. Minjastofnun og nærumhverfið. Líklega verða þar 26 litlar íbúðir en sameiginleg rými stór, svo sem eldhús, þvottahús og jógasalur og úti gróðurhús, heitur pottur og annað í kringum sólríkan miðjugarð.

„Við vorum fimm vinkonur sem byrjuðum að ræða þetta og það er margt opið enn,“ segir Sigríður. Hún segir þær hafa orðið varar við mikinn áhuga á þessu búsetuformi hjá konum á besta aldri sem vilja þó að sama skapi virða einkalíf sitt.

Félagið Femínistar 60+ verður formlega stofnað þegar framkvæmdir hefjast sem verður að líkindum eftir rúmt ár, fari allt sem horfir. „Félagið verður þá vettvangur sameiginlegra lífsgilda og reglna og þar má hugsa sér bæði konur og karla, svo lengi sem viðkomandi aðhyllist sambærileg lífsgildi um gagnkvæma virðingu. Búsetan yrði þó alltaf bara fyrir konur.“

Búsetuformið tekur mið af Baba



Konurnar eru í samfloti með Þorpi vistfélagi og er stefnt að því að byggja búsetukjarnann á brunarústum við Bræðraborgarstíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

●● Þarna yrðu íbúðir fyrir konur yfir sextugt sem aðhyllast femínisma.

Sigríður Elfa Sigurðardóttir, myndlistarkona og hönnuður



Yaga-hugmyndafræðinni en þannig íbúðakjarnar voru fyrst settir upp í París árið 2012 af róttækum femínistum. „Systrahús er mjög fallegt orð en við höfum líka kallað

þetta nornahús en Baba Yaga er norn í þekktri slavneskri þjóðsögu,“ upplýsir Sigríður.

Þorp vistfélag hefur staðið að byggingu á annað hundrað ódýrra íbúða fyrir ungt fólk í Gufunesi sem er fyrirmynd fyrir fjölbýlið.

Slíkar íbúðir eru seldar á föstu verði með mikilli sameign. „Áskorunin á Bræðraborgarstíg er að ná nauðsynlegum fjölda íbúða til að standa undir sameigninni án þess að þær verði allt of dýrar en að stíga á sama tíma „létt til jarðar“ í skipulagsmálum til að raska ekki skipulagi götmyndarinnar,“ segir Runólfur. linda@frettabladid.is

Reginn  
FASTEIGNAFÉLAG

**TILKYNNING**  
FRÁ TILNEFNINGARNEFND REGINS

Tilnefningarnefnd Regins hf. auglýsir eftir framboðum og tilnefningum til stjórnar Regins fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður miðvikudaginn 10. mars 2021.

Til að framboð og tilnefningar til setu í stjórn félagsins hljóti umfjöllun tilnefningarnefndar skal senda þær eigi síðar en 29. janúar 2021 á [tilnefningarnefnd@reginn.is](mailto:tilnefningarnefnd@reginn.is).

Frekari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins [www.reginn.is/fjarfestavefur](http://www.reginn.is/fjarfestavefur)

Tilnefningarnefnd Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / [reginn@reginn.is](mailto:reginn@reginn.is) / [reginn.is](http://reginn.is)



NÝ ÚTFÆRSLA AF  
TOYOTA LAND CRUISER

KONUNGURINN  
ER ORÐINN ENN  
KRAFTMEIRI

KOMDU OG REYNSLUAKTU



Verð frá: 9.840.000 kr.

70 ára afmælisútgáfa, kaupuki að verðmæti

**950.000 kr.\***

- 33" breyting, heilsársdekk og felgur
- Hliðarlistar
- Hlíf undir framstuðara
- Hlíf á afturstuðara
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst

TOYOTA TRYGGINGAR  
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Land Cruiser og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

# Meira en helmingur treystir Bjarna illa til að selja Íslandsbanka

**STJÓRN MÁL** Aðeins 23 prósent treysta Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra, til að leiða sölu Íslandsbanka. 63 prósent treysta honum illa. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar MMR sem gerð var að beiðni Skiltakallanna svokölluðu, en spurt var hversu vel fólk treysti honum til að leiða einkavæðingu bankans.

Þrettán prósent treysta Bjarna vel til að leiða sölu, 10 prósent frekar vel, 14 prósent segja bæði og. Þá segjast 16 prósent treysta honum frekar illa og 46 prósent mjög illa. Þá eykst stuðningur við Bjarna eftir því sem fólk er eldra, 52 prósent fólks á aldrinum 18 til 29 ára treysta Bjarna mjög illa samanborið 38 prósent fólks á aldrinum 68 ára og eldri.



Aðeins 23 prósent treysta fjármálaráðherra til að leiða sölu bankans,

Könnunin var gerð 13. til 18. janúar, 915 svöruðu.

Bjarni flutti á Alþingi munnlega skýrslu um sölu ríkisins á hluta í bankanum í gær. Nokkrir þingmenn lýstu yfir áhyggjum sínum af sölu bankans. Bjarni sagði að hugmyndafræðilegur ágreiningur útskýrði áhyggjur sumra þingmanna. „Bestu rökin fyrir því að

selja bankann eru einfaldlega þessi hér: Ríkið á ekki að standa í bankarekstri, ríkið á ekki að vera leiðandi í bankarekstri á Íslandi. Ríkið á ekki að ráða yfir tveimur af þremur kerfislega mikilvægum bönkum. Íslenska ríkið er með langstærsta eignarhlut allra ríkja í Evrópu og þótt víðar væri leitað í sínu fjármálakerfi,“ sagði hann. – oæg

## Vilja byggja upp atvinnulöðir í Keldnalandi

**REYKJAVÍK** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að strax verði skipulagðar atvinnulöðir í Keldnalandi við Grafarvog.

Borgarfulltrúar flokksins lögðu fram tillögu um uppbyggingu á svæðinu síðasta haust, var sú tillaga felld þar sem gert er ráð fyrir hægt yrði að hefja þróun á Keldnalandinu um 2030 þegar áfangi Borgarlínu nær þangað.



Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir Keldnalandið nógu stórt fyrir atvinnuhúsnæði og íbúðabyggð. „Landið er ein og hálf milljón fermetra, þó þeir vilji ekki íbúðabyggð strax þá er rými fyrir tuttugu spítala. Við viljum ráðast í skipulagða atvinnuuppbyggingu í ljósi þess að fyrirtæki og stofnanir eru að enda í Kópavogi og Hafnarfirði.“ – ab

## Sagði sig úr nefndinni

**STJÓRN MÁL** Birgir Dýrfjörð hefur sagt sig úr uppstillingarnefnd Samfylkingarinnar í Reykjavík í kjölfar deilna. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku var Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður flokksins, ekki meðal efstu fimm í könnun Samfylkingarinnar. Könnunin er ekki bindandi og er það uppstillingarnefndarinnar að ráða á lista.

Samkvæmt heimildum er krafa um að Ágúst Ólafur viki, en hann gekkst við kynferðislegri áreitni og leitaði sér hjálpar vegna áfengisvanda í kjölfarið. Í tilkynningu segir Birgir það ódæðisverk að reka á brott væna manneskju vegna hegðunar í ölaði. „Þar vil ég ekki vera. Því segi ég af mér,“ sagði hann. – oæg

# Lista- og fræðimenn fá bústað við Valhallarreit á Þingvöllum

Þingvallanefnd áformar að sumarhús, sem nefndin keypti við hlið Valhallarreitsins árið 2016 til að rífa og fjarlægja umlykjandi greniskóg, verði aðsetur fyrir listafólk og fræðimenn. Bústaðurinn var keyptur undir þeim formerkjum að hann og trén stæðu í vegi fyrir tengingu milli Haksins og Valhallarreitsins.

**ÞINGVÖLLIR** „Hugmyndin er að nýta þetta hús fyrir fræðimenn eða listamenn sem vilja fá aðstöðu í stuttan tíma,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, um þá fyrirætlan að hætta við að rífa sumarhús næst Valhallarreitnum en úthluta því til fræðistarfa og listsköpunar.

Um er að ræða hús sem Þingvallanefnd eignaðist 2016 eftir áralangar viðræður við þáverandi eigendur sem voru tíu fjölskyldur úr sömu ætt. Sagt var frá kaupnum í Fréttablaðinu 6. febrúar 2017. Kom þar fram að rífa ætti húsið og „uppræta og fjarlægja greniskóginn“, eins og sagði í bréfi Ólafs Arnar Haraldssonar, þáverandi þjóðgarðsvarðar, til forsætisráðuneytisins.

„Fyrirsjáanlegt er að núverandi sumarhúsaður og greniskógur stendur í vegi fyrir tengingu sem nú er rætt um að verði milli aðaladstöðu ferðamanna á Hakinu og svæðisins við Valhallarreitinn og umhverfisins við Öxará,“ útskýrði Ólafur Örn fyrir ráðuneytinu.

Þótt þáverandi þjóðgarðsvörður teldi áriðandi að húsið og greniskógurinn hyrfi er bústaðurinn enn á sínum stað og flest trén líka.

„Þegar þetta hús var keypt var lögð á það mikil áhersla af því að það var svo nálægt þinghelginni en þegar var farið að skoda þetta nánar þá fannst mönnum að það mætti kannski reyna að nýta þetta hús til góðs fyrir þjóðgarðinn. Það komu upp þessar hugmyndir og Þingvallanefnd hefur verið jákvæð fyrir því,“ segir núverandi þjóðgarðsvörður.

Þingvallanefnd tók vel í málið á síðasta fundi sínum en frestaði ákvörðun til næsta fundar.

Að sögn Einars er nýtingin hugsuð í svipuðum dúr og lista- og fræð-



Sumarbústaðurinn var byggður árið 1945. Hann var í eigu tíu fjölskyldna þegar ríkið keypti hann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Líklega yrði sett á fót úthlutunarnefnd sem myndi hafa einverjar grundvallarreglur til þess að fara eftir og svo sækja menn bara um.**

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum



mannsbúðirnar á Skriðuklaustri og í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.

„Við höfum verið að horfa til þess að fá líf í þetta hús,“ segir Einar. Meðal annars verði litið til listamanna og fræðimanna sem séu að vinna að einhverju sem tengist Þingvöllum.

„Líklega yrði sett á fót úthlutunarnefnd sem myndi hafa einverjar grundvallarreglur til þess að fara eftir og svo sækja menn bara um. Nefndin yrði líklega skipuð einhverjum frá fagfélögum og ein-

hverjum frá þjóðgarðinum eða Þingvallanefnd,“ svarar Einar aðspurður hvernig úthlutun verði háttað.

Þjóðgarðsvörður undirstrikar að innheimt verði leiga. „Þá er verið að tala um grunnjald sem tekur mið af þeim fasta kostnaði sem við berum af þessu húsi,“ segir hann.

Sumarbústaðurinn, sem var byggður árið 1945 og síðar endurbýggður, er 49 fermetrar. Hann var sagður í mjög góðu ástandi er ríkið keypti hann á 35 milljónir króna. gar@frettabladid.is

## ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBODSADILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323




Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK  
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

# JANÚAR ÚTSALA

## VERÐDÆMI

### KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m<sup>2</sup>

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m<sup>2</sup>

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m<sup>2</sup>

### VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m<sup>2</sup>

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 6.990 KR. m<sup>2</sup>

VÍNYPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi  
VERÐ FRÁ 5.990 KR. m<sup>2</sup>

### VEGG- & GÓLFFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ 2.990 KR. m<sup>2</sup>

60x60 cm vegg- og gólfplísar VERÐ FRÁ 4.790 KR. m<sup>2</sup>

### RINGO INNIHURÐIR

HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ

VERÐ FRÁ 39.990 KR.

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLOTUM  
MEÐ GÓLFEFNUM

**Birgisson**<sup>®</sup>

# Skotfélag setur blýbann og bendir um leið á mengunina hjá Sorpu

**UMHVERFISMÁL** Skotfélag Reykjavíkur, annað tveggja félaga sem eru með skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi, bannaði fyrir helgi notkun á blýhaglakotum á svæði sínu.

Stjórn félagsins kynnti ákvörðunina á vefsíðu þess á föstudaginn eftir að Fréttablaðið greindi frá innihaldi væntanlegrar skýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um blý- og hljóðmengun frá skotsvæðunum. „Stjórn félagsins hefur ákveðið

að algjört blýbann verði á haglavöllum á Álfsnesi, þar til annað verður ákveðið,” sagði stjórnin.

Af þeim hagsýnum, sem tekin voru upp af jörðinni og sem Heilbrigðiseftirlitið lét greina, reyndust 47 prósent vera úr blýi en bæði eftirlitið sjálft og skotfélögin tvö hafa áður sagt notkun blýhagla á Álfsnesi vera nánast enga.

Stjórn Skotfélags Reykjavíkur segir í færslu sinni að undanfarin



**Jórunn Harðardóttir, formaður Skotfélags Reykjavíkur**

ár hafi haglakot með stálhögllum verið langmest notuð af þeirri meginástæðu að þau séu ódýrari en blýskot.

„Fyrstu árin voru blýskot notuð

en svo breyttist það með tímanum og síðustu átta til níu árin hafa stálskotin verið ráðandi enda sýna niðurstöður rannsókna Heilbrigðiseftirlitsins að sú sé raunin á okkar svæði,” segir stjórn Skotfélagsins.

„Í starfsleyfi okkar er leyfilegt að nota blýskot en mælt er til þess að notast sé við stálskot eða önnur vistvænni skot en blý. Við vonumst til þess að við getum með þessum hætti komið til móts við gagnrýni

á notkun blýskota,” segir stjórnin.

Þrátt fyrir þetta virðist sem stjórnarmönnum Skotfélagsins finnst sem litið sé langt yfir skammt að mengunarvöldum á Álfsnesi með því á benda á skotæfingasvæðin. „Spurning er aftur á móti hvort mengun á okkar svæði sé mikil samanborin við nágretta okkar í Sorpu en stærsta urðunar-svæði landsins er í nágrenninu.” –gar



Widodo Indónesíuforseti fær bóluefni SinoVac. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Mæla virknina undir lágmarki

**KÍNA** Nýjustu prófanir á kínverska COVID-19 bóluefninu CoronaVac sýna aðeins 50,38 prósentu virkni samkvæmt bandarísku fréttastofnunni CNN. Prófanir fóru fram í Brasilíu og niðurstöðurnar lágu fyrir í síðustu viku.

Þetta er langt undir þeirri prósentu sem kínverski framleiðandinn SinoVac stærði sig af í upphafi árs, það er 78 prósentum, og rétt sleppur yfir það lágmark sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin setur.

Engu að síður er búist við að tugmilljónir manna verði bólusettar með efninu á næstunni, meðal annars í Indónesíu, Tyrklandi, Taílandi og Filippseyjum. Til samanburðar eru bóluefni Pfizer og Moderna með um 95 prósentu virkni. –khg

## Saka Navalnín um skilorðsrof

**RÚSSLAND** Rússneskur dómstóll hefur nú úrskurðað stjórnarandstöðuleiðtogann Alexei Navalnín í 30 daga varðhald. Navalnín var handtekinn við komuna til Moskvu á sunnudag eftir fimm mánaða dvöl í Þýskalandi eftir að eitrad var fyrir honum með taugaeitruinu Novachok. Navalnín er sakaður um að hafa rofið skilorð vegna dóms sem hann hlaut fyrir fjárdrátt árið 2014.

Leiðtogar á Vesturlöndum, þar á meðal á Íslandi, hafa gagnrýnt handtökuna og fara fram á að honum verði sleppt án tafar. –ab

# Á bilinu tíu til fimmtán undir fertugu bráðkvaddir árlega

Tíu til fimmtán manns verða bráðkvaddir á hverju ári hér á landi, flestir vegna hjartavandamála sem geta verið dulin. Hjartalæknir hvetur fólk með ættarsögu um ótímabær dauðsföll af þessum toga til að láta athuga sig. Dauðsföllin tengjast í fæstum tilfellum líferni, en geta orðið hvar og hvenær sem er.

**HEILBRIGÐISMÁL** Á hverju ári deyja milli tíu til fimmtán manns undir fertugu svokölluðum skyndidauða, sem einnig kallast að verða bráðkvaddir. Þetta er fólk sem virðist oft í fljótu bragði heilsuhraust en undir niðri liggur sjúkdómur eða hjartagalli sem enginn vissi af.

Flest tilfelli tengjast hjartanu eða lungunum og eru oft arfgeng. Svokallaðar raflífeðlisfræðilegar truflanir í hjarta eða hjartavöðvasjúkdómar eru þar algengust. Erfðabreytileiki spilar þar gjarnan mikilvægt hlutverk. Ýmsir utanaðkomandi þættir geta haft áhrif, svo sem áföll eða mikið álag, andlegt eða líkamlegt, en í fæstum tilfellum tengist skyndidauði ungs fólks líferninu. Stundum eru orsakir tilfella óútskýrðar þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir.

„Skyndidauði hjá ungum einstaklingi veldur oft gríðarlegum óhug hjá fjölskyldu og í nærumhverfinu því þetta getur verið algerlega ófyrirséð. Þetta er fólk sem virðist vera í blóma lífsins,” segir Davíð O. Arnar, hjartalæknir á Landspítala. Í dag heldur hann fyrirlestur á Læknadögum á málþingi um skyndidauða ungs fólks ásamt læknunum Gunnari Þór Gunnarsyni, Gunnlaugi Sigfússyni, Helgu Óttarsdóttur, Hirti Oddssyni og Kristjáni Guðmundssyni.

Árlega deyja um 200 manns skyndidauða, langflestir í eldri hópnum, og þar hefur lífsstíll og aldurinn oft meira að segja. Kransæðasjúkdómur og afleiðingar hans eru þar í lykilhlutverki. Davíð segir að engir aldurshópar séu í raun undanskildir skyndidauða, ekki heldur börn.



Skyndidauði getur orðið hvar sem er og hvenær sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

**Yfirlit getur til dæmis verið forboði þess sem koma skal.**

Davíð O. Arnar hjartalæknir



Skyndidauði ungs fólks getur gerst hvar sem er og á hvaða tíma sólarhringsins, í vöku eða svefni. Það fari mikið eftir af hvaða tegund undirliggjandi vandi er, undir

hvaða aðstæðum hann komi fram. Davíð segir að betri viðbragðstími áhafnar sjúkrabils, meðferð á sjúkrahúsi og kunnátta í endurlífun geti og hafi skipt sköpum í þessum tilfellum.

„Ef það eru vitni að hjartastoppi sem bregðast rétt við eru ágætislíkur á að einstaklingurinn bjargist.“

Í erindi sínu ræða Davíð og félagar um hvernig sé hægt að greina orsakir skyndidauða ungs fólks, meðhöndla og fyrirbyggja. Ein af þeim leiðum er að rannsaka vel þá sem hafa orðið fyrir áfalli en lifað af sem og nánustu fjölskyldu

þeirra, þar sem oft sé um erfðagalla að ræða.

Þó að skyndidauði sé í mörgum tilvikum fyrirvaralaus, vegna dulins sjúkdóms eða erfðagalla, þá geta í sumum tilvikum vera komnar fram vísbendingar. „Það er auðvitað erfitt að fyrirbyggja hluti sem ekki er kannski nein vísbending um,” segir Davíð um hvernig best sé að fyrirbyggja skyndidauða ungs fólks. „En ef það er saga um ótímabær dauðsföll eða alvarlegar hjartaupþakomur í ættinni liggur beinast við að láta athuga sig.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

**RRI®**  
Rome Research  
Iceland ehf.

## Looking for Electronic Technician candidates for US Navy NRTF Grindavik site!

Journeyman's License in Electronic Technician and Experience in management of high power communications systems (minimum of 1kW output power) is required. All applications will be treated as confidential.

Please send your application to [contactus@romereseearchiceland.com](mailto:contactus@romereseearchiceland.com) by end of business day Thursday 21 Jan 2021.

Rome Research Corporation (RRI) is a subsidiary of Rome Research Corporation (RRC) and PAR Government Systems Corporation. RRC is a Technical Services supplier to the US Department of Defense. We have become a premier technical services company providing worldwide on-site support to the US Department of Defense in the areas of strategic communications, satellite control and information systems.

[www.romereseearchiceland.com](http://www.romereseearchiceland.com)



RENAULT  
PRO+

# KLÁRIR Í VINNUNA

## Frábærir atvinnubílar með fimm ára ábyrgð



### Renault Kangoo

Beinskiptur, 1,5l dci, 90 hestöfl.  
Eldsneytisnotkun: 4,3 l/100 km.\*

**Verð frá: 2.895.161 kr. án vsk.**  
Verð frá: 3.590.000 kr. m. vsk.

### Renault Trafic

Sjálfskiptur, 2,0 l dci, 145 hestöfl.  
Eldsneytisnotkun: 5,8 l/100 km.\*

**Verð frá: 3.782.258 kr. án vsk.**  
Verð frá: 4.690.000 kr. m. vsk.

### Renault Master

Beinskiptur, 2,3 l dci, 135 hestöfl.  
Eldsneytisnotkun: 6,8 l/100 km.\*

**Verð frá: 4.959.677 kr. án vsk.**  
Verð frá: 6.150.000 kr. m. vsk.

## TIL AFGREIÐSLU STRAX

Renault framleiðir einhverja vinsælustu atvinnubíla á íslenskum markaði. Hvort sem þú velur þér Kangoo, Trafic eða Master gengur þú að gæðunum og þægindunum vísum. Allir eru þeir með **fimm ára ábyrgð/160.000 km eða ótakmörkuðum akstri fyrstu tvö árin.** Byrjaðu árið af krafti og tryggðu þér nýjan Renault.

Sendu okkur póst á [atvinnubilar@bl.is](mailto:atvinnubilar@bl.is) eða skoðaðu úrvalið á [www.renault.is](http://www.renault.is).

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)



# Af skimunum



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Í heilbrigðismálum hefur fát yfirskyggt umfjöllun í fjölmiðlum undanfarið ár um heimsfaraldurinn. En það er fleira sem gengur á og varðar öryggi og heilsufar fólks. Um áramót varð sú breyting að skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi kvenna fluttist frá Krabbameinsfélaginu til opinberra stofnana. Þannig færðist skimun fyrir brjóstakrabbameini til Landspítala í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri og skimun fyrir krabbameini í leghálsi til heilsugæslunnar.

Samhliða þessu ákvað heilbrigðisráðherra breytingar á aldri þeirra sem boðin er skimun á brjóstum.

Ákvörðun ráðherrans um að færa skimunarlöng vegna brjóstakrabbameina í 50 ár var tekin án tillits til niðurstöðu fagráðs um brjóstakrabbamein sem birt var í skýrslu í október í fyrra. Fagráðið taldi að fara ætti að ráðleggingum Evrópusambandsins og hefja skimun við 45 ára aldur og fram til 74 ára. Skimunar-ráð taldi hins vegar ekki næg rök fyrir því. Áður, eða í febrúar 2019, hafði skimunarráð þó talið Evrópureglurnar fýsilegar.

Fréttablaðið hefur sagt frá því að 31 kona á aldursbilinu 40 til 50 ára greinist árlega með krabbamein í brjóstum hérlendis.

Skimunarráð bendir á í skýrslunni frá október í fyrra að skimanir leiði til ofgreininga sem sé víðurkenndur vandi á alþjóðavísu. „Átt er við greiningar á meinum í almennri skimun sem aldrei hefðu leitt til sjúkdóma eða ótímabærs dauða,“ segir þar. Einnig er fjallað um ofmeðhöndlun í kjölfar svonefndra ofgreininga þegar fólk gengst undir óþarfa meðferð sem getur skaðað heilsu þess. Ekki hefur komið nægjanlega skýrt fram að hvaða leyti hættara er við ofgreiningum í aldurshópi 40 til 50 ára kvenna en í hópi þeirra sem eldri eru. Hvað þá ofmeðhöndlun.

Á vef Krabbameinsfélagsins segir: „Landlæknir hafði lagt til að farið yrði eftir evrópskum leiðbeiningum við skipulag skimana fyrir krabbameinum – en þar er mælt með skimun 45-49 ára kvenna. Fagráð um brjóstakrabbamein mælti einnig með því að hefja skimun við 45 ára aldur. Með nýju fyrirkomulagi vikja landlæknir og skimunarráð frá evrópsku leiðbeiningunum og áliti fagráðs um brjóstakrabbamein án þess að það sé rökstutt sérstaklega.“

Þessar fyrirhuguðu breytingar sættu gagnrýni í grasrótarhópum kvenna sem greinst hafa með krabbamein.

Nú hefur þessum breytingum á aldursviðmiðinu verið slegið á frest. Það bendir eindregið til að sú ákvörðun hafi ekki verið nægjanlega rökrétt á þeim tíma sem hún var tekin, hvað sem verður, og bendir einnig til að heilbrigðisráðherra hafi verið ólesinn í málinu.

Við státum okkur af því á tyllidögum að heilbrigðis-kerfi okkar sé traust og skilvirk. Sé svo á það að vera grundvallarþáttur að allar breytingar sem varða öryggi og heilsu borgaranna séu vandlega igrunaðar og rökstuddar svo okkur sem viljum treysta á kerfið sé unnt að gera það áfram.



Ekki hefur komið nægjanlega skýrt fram að hvaða leyti hættara er við ofgreiningum í aldurshópi 40 til 50 ára kvenna en í hópi þeirra sem eldri eru.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Essa-zú?

Kíkckstarter-bræður og erkibiskupar Zúista-trúarhreyfingarinnar hér á landi hafa fært út kvíarnar og opnað pitsustaðinn Slæs. Að metta fólk er reyndar kunnuglegt stef í trúarbragðafræðinni, jafnvel þó fiskarnir séu fáir og brauðið af skornum skammti. En í takti við tímann eru það núna pitsur. Það er ekkert víst að það klikki núna frekar en áður. Ekki er vitað hvort þeir sem hafa greitt í trúfélag Zúista njóta sérkjara á slæsunni. Kannski geta þeir skuldajafnað greiddum sóknargjöldum að hluta á móti pitsu-slæsunni.

### Höskuldaður Guðjón

Það var skammlíft á toppnum hjá Guðjóni Brjánssyni sem ökuþór Alþingis 2021. Það var að sjálfsgöðu Ásmundur Friðriksson, Lewis Hamilton vorrar þjóðar. Þegar upptakan af endamarkinu var skoðuð aftur var Guðjón vissulega á undan, en það var vegna þess að Ási var nokkrum hringum á undan. Minnti þetta helst á sigur Höskuldar nokkurs í formannskjöri Framsóknarflokksins fyrir meira en áratug, munurinn er þó sá að Guðjón fékk heila helgi til að fagna sigri áður en honum var steipt af stóli í endurtalningu.

## Börn send oftár heim



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

Í ársbyrjun var innleidd styttri vinnuvika á leikskólum Reykjavíkurborgar. Framkvæmdinni fylgdi ekkert viðbótarfjármagn og því fyrrséð að leikskólaþjónusta mun skerðast við útfærsluna – leikskólastjórar segja óhjákvæmilegt að börn verði oftár send fyrir heim vegna faliðunar.

Þetta er ekki fyrsta ísilagða áramótakveðja jafnaðarmanna til fjölskyldufólks. Í ársbyrjun 2020 kynnti meirihluti borgarstjórnar áform um skertan opnunartíma á leikskólum. Ákvörðunin mætti andstöðu fjölbreyttra hópa sem töldu breytinguna geta dregið úr framgangi á vinnumarkaði, ógnað starfsöryggi og valdið ófyrirséðum tekjumissi.

Hugmyndin um skerta þjónustu var sett í jafnréttismat, en niðurstaðan sýndi glögg þau neikvæðu áhrif sem breytingin mun hafa á jafnrétti kynjanna. Konur eru líklegri til að taka á sig aukna umönnunarbyrði heimilanna og mæta breyttum þörfum fjölskyldunnar. Barneignir hafa jákvæð áhrif á launabróun karla en neikvæð áhrif á launabróun kvenna. Minni atvinnuþátttaka kvenna á vinnumarkaði hefur svo aftur áhrif á tekjuöflun þeirra, framgangi í starfi og lífeyriskjör.

Skert þjónusta mun ekki síður koma niður á foreldrum með takmarkaðan sveigjanleika í starfi. Hér mætti nefna fólk af erlendum uppruna, fólk í vaktavinnu og lágtekjuhópa.

Þrátt fyrir niðurstöðuna ákvað meirihluti borgarstjórnar að takmarka opnunartíma leikskólanna fram til áramóta. Ástæðan sögð vera sóttvarnir, jafnvel þó fjölmargar aðrar leiðir væru færar sem ekki kölluðu á skertan opnunartíma. Nú er sigið á seinni helming janúar mánuðar og skerðingin ekki enn verið afturkölluð.

Um nokkurra mánaða skeið hafa riflega 5.200 fjölskyldur lifað við skerta leikskólaþjónustu í Reykjavík. Fyrirsjáanlega mun styttri vinnuvika leiða til enn frekari skerðinga. Jafnréttismatið sýnir glögg hvernig breytingarnar geta unnið gegn framgangi kvenna á vinnumarkaði, ógnað starfsöryggi fólks af erlendum uppruna og komið illa niður á lágtekjuhópum. Er nema von maður spyrji, hvað vakir fyrir jafnaðarmönnum í Reykjavík?



Skert þjónusta mun ekki síður koma niður á foreldrum með takmarkaðan sveigjanleika í starfi.

# DV

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT  
FRÁ AÐEINS 1.590 KR. Á MÁNUÐI\*





# Miðbær á forsendum íbúa en ekki ehf.



**Tryggvi Felixson**  
talsmaður hreyfingarinnar Vinir Kópavogs

**B**æjaryfirvöld í Kópavogi hafa kynnt tillögu að nýju skipulagi fyrir hluta af gamla miðbæ okkar Kópavogsbúa á Hálsinum, sem daglega gengur undir nafninu Hamraborg. Það var löngu tímabært. Hitt er verra, að þrátt fyrir að áformað hafi verið að skipuleggja svæðið með mannlíf og viðskipti í fyrirrúmi, þá hefur það mistekist. Þó það deiliskipulag sem nær til Fannborgarreitir og Tradarreitar-vestur er óskapnaður.

Í maí 2018, fáeinum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar, seldi Kópavogsbær þriggja mánaða gömlu einkafyrirtæki þrjár húseignir í hjarta Kópavogs. Það var ekki nóg. Um leið undirritaði Kópavogsbær samkomulag við kaupendur þar sem m.a. segir „að hann [Kópavogsbær] hafi skilning á umfangi og eðli þeirrar fjárfestingar sem Árkór ehf. hefur gert með kaupum sínum á Fannborg 2, 4 og 6 og að verðmæti fjárfestingarinnar taki mið af því að heimild til að auka byggingarmagn á þróunarreitnum verði heimilað auk þeirra viðbótarfjárfestinga sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum þessa samkomulags sbr. fyrri lið 7.“

## Einkahlutfélag fær skipulagsréttinn

Þetta ákvæði þýðir í raun að bæjaryfirvöld hafa yfirfært skipulagsvaldið að verulegu leyti til framangreinds fyrirtækis sem eftir því sem best er vitað hefur aldrei tekist á við sams konar verkefni áður. Til að kóróna sköpunarverkið er Árkór ehf. heimilað að framselja allan umsaminn rétt án aðkomu bæjarfélagsins.

Þegar fjárhagslegur ávinningur lóðarhafa er í fyrirrúmi er hætt við að langtímahagsmunir bæjarfélagsins, svo ekki sé talað um íbúa á svæðinu, víki. Skipulagið er unnið og greitt af lóðarréttarhöfum, líka skipulagið á þeim svæðum þar sem bæjarfélagið hefur algjöran yfirráðarétt yfir. Hvorki var farið að óskum fleiri hundruð íbúa á miðbæjarsvæðinu né íbúa í bæjarfélaginu almennt, sem þó lögðu fram vel rökstuddar athugasemdir á meðan á undirbúningi stóð. Verði farið að auglýstu skipulagi verður því sem næst ólíft fyrir íbúa á svæðinu í mörg ár. Bæjarfélagið hunsar jafnræðisreglu stjórnáslulaga! Þeir sem fara með eignirnar Fannborg 2, 4 og 6 fá umboð til að fara því sem næst alfarið með skipulagsvinnu, en öðrum eigendum húsnæðis við Fannborg og Hamraborg er haldið í fjarlægð og ekki orðið við viðleitni þeirra til raunverulegra samræðna um skipulagið.

Nú á að selja okkur Kópavogsbúum afleita skipulagshugmynd með því skreyta hana stílfærðum myndum og fögrum orðum. Látum ekki blekkjast!

## Byggingarmagn án fordæma

Áform um byggingarmagn, sem er án fordæma að mati Skipulagsstofnunar, gera það illmögulegt að skipuleggja svæðið með gott mannlíf að leiðarljósi og sólríkum og skjólgóðum nærsvæðum. Er það ekki einmitt það sem íbúar sækjast eftir? Það fylgir sögunni að bæjarfélagið hefur marga valkosti til að ná fram markmiðum um þéttingu byggðar án þess að gjörnýta og spilla þessu miðlæga og mikilvæga svæði.

Sú hugmyndafræði sem liggur að baki framlagðri tillögu er algerlega



**Bæjarfélagið hunsar jafnræðisreglu stjórnáslulaga! Þeir sem fara með eignirnar Fannborg 2, 4 og 6 fá umboð til að fara því sem næst alfarið með skipulagsvinnu, en öðrum eigendum húsnæðis við Fannborg og Hamraborg er haldið í fjarlægð og ekki orðið við viðleitni þeirra til raunverulegra samræðna um skipulagið.**

á skjön við allt sem komið hefur frá bæjarfélaginu sem snýr að stefnumótun. Hlutverk og framtíðarsýn voru samþykkt samhljóða í febrúar 2018. Þar sem talað er um íbúalýðræði og ábyrgan rekstur. Sama ár var tilkynnt að Kópavogur myndi verða fyrsta sveitarfélagið sem til-einkaði sér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

## Lýst eftir valkosti

Kópavogsbúar hafa þörf fyrir annað en fállegar og misjafnlega trúverðugar myndir af mannlífi í skugga hárra bygginga. Kópavogsbúar þurfa og eiga rétt á raunverulegum valkosti við framlagða tillögu verktakanna; valkosti þar sem mannlíf og langtíma sjónarmið eru í forgangi, en ekki fjárhagslegir hagsmunir einkahlutafélags. Til þess þarf önnur vinnubrögð við skipulagsvinnu en bæjarstjórn býður upp á. Heilladrýgst væri að gera það með samkeppni. Aðrar leiðir eru líka færar. Eitt er víst, að byggja verður skipulag á þessu svæði á þremur meginforsendum:

- Huga þarf að miðbæjarsvæðinu sem heild. Í framlögðu skipulagi er verið að taka tvo reiti fyrir. Ekki er hugað að því sem fyrir er og nauðsynlegum lagfæringum á Hamraborginni sjálfri og tengingu við hana. Skoða þarf vel hvort og þá hvernig má nýta þau hús sem ráðgert er að rífa.
- Taka verður hagsmuni íbúa sem nú þegar eru á svæðinu alvarlega og þeir verða að fá að njóta jafnræðis. Verðmæti eigna þeirra og velsæld er í húfi ef ekki er rétt staðið að skipulagi, og þeim framkvæmdum sem af því leiða.
- Stilla þarf hugmyndum um fjölgun íbúa og þjónustuhúsnæðis í hóp og tryggja að farið verði að sjálfbærnisjónarmiðum með formlegri vottun.

## Látum frá okkur heyra

Félagar í hópnum „Vinir Kópavogs“ beina því til bæjarstjórnar Kópavogs að leggja framkomna tillögu til hliðar og þróa nýja skipulagstillögu. Sú vinna þarf að vera í höndum aðila sem ekki hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

Bæjarbúar sem taka undir þessa kröfu eru beðnir um að senda skilaboð til bæjarstjóra Kópavogs á netfangið armann@kopavogur.is með eftirfarandi texta: Ég tek undir kröfu „Vina Kópavogs“ að framlögð skipulagstillaga fyrir Fannborgarreit og Tradarreit-vestur verði lögð til hliðar og að unnin verði ný og heildstæð tillaga sem raunhæfur og mannvænn valkostur, sem bæjarbúa fái tækifæri til að taka afstöðu til.“ Afrit sendist til VinirKopavogs@gmail.com.

# Verum Örlygur



**Einar Bárðarson**  
framkvæmdastjóri Votlendis-sjóðs

**A**ndlitsgrímurnar hafa reynst okkur ágætlega í baráttunni við COVID-19. Við höfum verið dugleg að nota þær og grímskylda hefur verið víða og er enn. Umhverfið okkar fer ekki varhluta af því.

Hvunnagshetjan Örlygur Sigurjónsson er einn af landsins virkustu plockkurum. Við eigum honum mikið að þakka þó fæst okkar þekki hann. Síðan grímunotkunin fór af stað hefur hann tínt upp úr umhverfinu okkar 1.290 stykki af einnota grímum. Þessi eini maður.

En það er enginn þarna úti sem hendir grímu viljandi. Þær fjúka út úr bilunum okkar þar sem þær liggja á milli sætanna þegar margar hurðir eru opnaðar í einu í roki. Þær sogað óvart upp úr vösunum okkar þegar við sækjum símann eða lykklana í vasann. Þær fjúka upp úr ruslatunnunum á ljósa-staurunum og fyrir utan fjölsotta staði þegar við þössum ekki nægilega vel að þær fari nógu djúpt ofan tunnurnar.

Þetta eru grímurnar okkar og við verðum að gera betur. Það eru ekki einhverjir sóðar þarna úti sem henda grímum viljandi. Það er bara ekki þannig og að ýta ábyrgðinni



**Ég hef á síðustu árum komist hægt og hægt að þeirri niðurstöðu að á Íslandi eru kannski 12 til 15 alvöru sóðar. Hitt eru slys hjá vel meinandi fólki, fólki eins og mér og þér. Þess vegna bið ég okkur öll að gæta að grímunni.**

frá okkur sjálfum með þeirri sannfæringu er ódýrt og óábyrgt.

Ég hef á síðustu árum komist hægt og hægt að þeirri niðurstöðu að á Íslandi eru kannski 12 til 15 alvöru sóðar. Hitt eru slys hjá vel meinandi fólki, fólki eins og mér og þér. Þess vegna bið ég okkur öll að gæta að grímunni.

Örlygur heldur áfram að tina upp grímur úr umhverfinu okkar. Hann hættir ekki í 1.290 grímum. Hann hættir ekki fyrr en umhverfið er orðið grímulaust. Hjálpum Örlygi að komast heim til sín. Gætum að grímunum.

Verum eins og Örlygur, byrjum öll á einni grímu á dag. Það eru 365 grímur á mann á ári. Það er 131 milljón gríma ef við gerum þetta öll. Það ætti að leysa þetta.

# ENN MEIRI ÚTSALA



# Tískan

BRAX

MaxMara

B/A/S/L/E/R

Skipholti 21 | Sími 551 0770



# ÚTSALA

## 20-50%

### AFSLÁTTUR



#### WIZAR

Hægindastóllinn sem Íslendingar elska.

**20% afsláttur**

Útsöluverð

**167.920 kr.**

Verð áður 209.900 kr.

13 litir.

Rúmföt  
-20%

Heilsurúm  
-20-40%

Sófar  
-20-50%

Hægindastólar  
-20%

Gjafavara  
-20%

Húsgögn  
-20-50%

**KOMDU OG GERÐU GÓÐKAUP STRAX Í DAG**

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

# Hefur Ísland efni á því að tapa yfir 60 milljörðum í gjaldeyristekjur?



**Ágúst Bjarni Gardarsson**  
bæjarfulltrúi  
Framsóknar  
og formaður  
bæjarráðs  
Hafnarfjarðar


Í lok síðasta árs skilaði þýska fyrirtækið Fraunhofer skýrslu um samkeppnisstöðu stóriðju á Íslandi þar sem sérstaklega var horft til raforkukostnaðar. Úttektin var gerð að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Um leið og hægt er að segja að skýrslan sem slikt sé um margt ágæt, verður jafnframt að segja að það sé til fyrirmyndar að úttekt hafi yfir höfuð verið gerð á samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi. Ýmis jákvæð teikn eru á lofti, líkt og hærra álverð, en aðkoma stjórnvalda virðist nauðsynleg ef ekki á illa að fara. Þúsundir starfa eru undir sem og tugir milljarða í gjaldeyristekjur. Kem nær að því síðar.

## Samkeppnishæft raforkuverð?

Fraunhofer-skýrslan segir okkur að álver voru að greiða fyrir afhent rafmagn (þ.e. með flutningi) árið 2019 í Noregi um \$30/MWst og í Kanada um \$25/MWst. Þá er réttast að spyrja hvort þessi verð séu í boði hér á landi. Það er ekki að sjá samkvæmt „verðskrá“ Landsvirkjunar sem t.d. var kynnt á ársfundum fyrirtækisins árið 2019. Þar er lágmarksverð \$28/MWst auk \$6 til Landsnets sem gerir \$34/MWst fyrir afhenta orku, um \$4-9 hærra en afhent verð til álvera í samkeppnislöndum okkar. Auk þessa ætlast Landsvirkjun til að verðið sé tengt verðbólgu í Bandaríkjunum, ólíkt því sem gerist í þeim löndum sem hér hafa áður verið nefnd. Samningur ISAL er tengdur verðbólgu í Bandaríkjunum og virðist það vera eitt verst geymda leyndarmál Íslands að afhent verð sé um \$39/MWst; sem er um 30-50% hærra en verð sem samkeppnisaðilar ISAL greiða í Noregi og Kanada. Það virðist því fjarri að Ísland sé að gefa frá sér raforkuna, þvert á móti virðast verðvæntingar Landsvirkjunar vera óraunhæfar og of háar. Það kann að útskýra að nú er um 7,5% orkunnar laus og óseld. Sú orka myndi t.d. duga til að knýja um 600 þúsund rafbila.

## Ef ISAL verður lokað, hvaða áhrif hefur það á umhverfismál?

Kínverjar hafa lagt undir sig meira en helming allrar álframleiðslu í heiminum. Það má sjá á öllum tölum, en hlutdeild Kína í álframleiðslu var 10% árið 2010 en árið 2019 var hlutdeild þess komin upp í 56%. Þessi þróun er ekki góð þegar horft er til loftslagsmála þar sem flest álver í Kína eru knúin með kolum, á meðan raforka á Íslandi er framleidd með vatnsafli og jarðvarma. Ýmsir umhverfisskattar hafa auk þess verið lagðir á fyrirtæki í Evrópu, þ.m.t. íslensku álverin, vegna útblásturs á meðan kínverskir framleiðendur þurfa ekki að greiða slíka skatta. Þetta og háar raforkukostnaðar hefur gert samkeppnisstöðuna erfiða gagnvart Kína. Það er hins vegar engum jarðbúa greiði gerður ef grænu álveri er lokað á Íslandi, því það eflir framleiðsluna í koladrifnum álverum. Evrópusambandið brást við þessu með ETS-endurgreiðslukerfinu sem, í stuttu máli, skattleggur koladrifin orkuver og niðurgreiðir orku til stóriðju. Á Íslandi eru blessunarlega engin kolaorkuver. Það má því með réttu segja að aukin umhverfisvitund og skilningur stjórnvalda á Íslandi á þeim aðstæðum sem nú eru uppi séu það eina sem geti bjargað framleiðendum hér á landi.



**Gjaldyristekjur álversins eru yfir 60 milljarðar króna á ári. Það er því engum vafa undirorpið að álverið í Straumsvík er samfélaginu hér og landinu öllu ákaflega mikilvægt.**

Áramótagrein forstjóra Landsvirkjunar virðist taka undir þetta.

## Er stefna Landsvirkjunar eigandanum, íslensku þjóðinni, til hagsbóta?

Þegar Landsvirkjun fór í samningaviðræðurnar við ISAL sem leiddu til samningsins sem gerður var árið 2010 var kominn nýr forstjóri, ný stefna, ný verðskrá. Hefur stefnan reynst ásætlanleg fyrir þjóðina?

- Tvö kíliver hafa risið með samning við Landsvirkjun í farteskinu, United Silicon og PCC á Bakka. Bæði hafa kostað lífeyrissjóði og íslenska banka tugi milljarða. Báðar verksmiðjurnar eru lokaðar.
- Samningur Elkem fór í gerðardóm og frá því hefur verksmiðjan verið á skertum afköstum og starfsmönnum hefur verið fækkað.
- Þeistareykjavirkjun var reist fyrir tugi milljarða króna. Fjárfesting sem ráðist var í samhliða framkvæmdum við kíliverið á Bakka. Virkjunin er því varla í fullri notkun og arðsemi fjárfestingarinnar líklega neikvæð.
- Gagnaver risu hratt upp en samkvæmt fréttum úr greininni, þ.m.t. frá forstjóra OR, eru þau að færast jafn hratt úr landi.
- Ekki hefur verið gerður langtíameningur við álver síðan árið 2010 og fjárfestingar álvera í eigin rekstri fara sífellt minnkandi vegna óvissu í raforkumálum.
- ISAL keyrir á 85% afköstum og íhugar að loka verksmiðjunni sem mun hafa verulega neikvæð, bæði bein og óbein, áhrif á hátt í tvö þúsund manns. Ef ISAL lokar myndi það kosta þjóðarbúið yfir 60 milljarða í tapaðar gjaldeyristekjur.
- Annar og þriðji stærstu viðskiptavinir Landsvirkjunar hafa kært meinta markaðsmisnotkun

Landsvirkjunar til Samkeppnis-eftirlitsins.

■ Á meðan fjöldi starfsmanna hjá Landsvirkjun og Landsneti hefur aukist um 37% milli árána 2009-2019, hafa á meðan nær engin ný störf verið sköpuð í stóriðju landsins þrátt fyrir að vel yfir hundrað milljörðum króna hafi verið fjárfest í greininni.

Landsvirkjun hefur varið stefnu sína með kjáfti og klóm og meðal annars bent á óviðunandi hagnað félagsins. Miðað við punktana hér fyrir ofan ætti það varla að koma nokkrum á óvart að arðsemi félagsins sé óviðunandi. Eins og áður hefur komið fram þá fagna ég framtaki iðnadráðherra með úttekt á stöðu stóriðju hér á landi og að í framhaldinu hafi verið ákveðið að fara í úttekt á verðskrá Landsnets. Áhugavert væri að sjá fjármálaráðherra gera slíkt hið sama og skipa úttekt á starfsemi Landsvirkjunar síðustu 10 ár, enda heldur hann á hlutabréfi þjóðarinnar í fyrirtækinu.

## Álverið í Straumsvík, Hafnarfirði

Ég starfa í umboði íbúa í Hafnarfirði og mér ber hreinlega skylda til að gæta hagsmuna íbúa og sveitarfélagsins. Í Straumsvík starfa um 500 starfsmenn með ólíka menntun og reynslu, auk fjölda afleiddra starfa. Gjaldyristekjur álversins eru yfir 60 milljarðar króna á ári. Það er því engum vafa undirorpið að álverið í Straumsvík er samfélaginu hér og landinu öllu ákaflega mikilvægt. Ál snertir okkar daglega líf með ýmsum hætti; m.a. notað í farartæki, byggingar, matvælapakkningar og raftæki. Álverið í Straumsvík hefur verið til mikillar fyrirmyndar í umhverfismálum, m.a. fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að innleiða umhverfisstjórnun skv. ISO14001, er með grænt bókhald og hefur fengið verðlaun umhverfisráðuneytisins fyrir að ganga lengra í umhverfismálum en lög í landinu gera ráð fyrir. Þá er ISAL tæknivæddasta álver landsins og býr til mest verðmætaskapandi vöruna.

Umhverfisvænt ál er framleitt á Íslandi; ál sem ellegar væri framleitt annars staðar. Er gott mál ef 500 einstaklingar missa vinnuna? Er gott mál ef samfélagið verður af milljörðum í sameiginlega sjóði okkar? Samrýmist það heildarmarkmiðum okkar í loftslagsmálum að hvetja til aukinnar álframleiðslu á svæðum sem menga jafnvel tífalt á við það sem gerist hér á landi? Er þörf á að endurskoða stefnu Landsvirkjunar? Eða þarf fyrst að koma til stórtjóns hér í Hafnarfirði?

# Verum stór og skiljum enga eftir



**Sr. Kristján Björnsson**  
vígslubiskup-  
inn í Skálholti

Heilbrigðisvöld hafa unnið frábærlega í gegnum COVID-19 og leit aðgerðir okkar í sóttvörnum til árangurs sem er aðáunartækt. Samt segi ég að við getum orðið enn betri fyrirmynd og sýnt enn meiri ábyrgð með því að sýna fátækum löndum umhyggju einmitt núna. Núna eru þessi vatnaskil í COVID-19 og bólusetning er hafin. Það er því miður ekki sami árangurinn eða aflið hjá öllum þjóðum og því vaknar þessi hugleiðing um ábyrgð okkar Íslendinga. Við höfum tryggt okkur heilmikið bóluefni og við vitum þess vegna að það kostar sitt. Þegar við lítum í kringum okkur sjáum við að við erum á pari við velmagnarþjóðir Evrópu og fylgjum þeim fremstu. En víða í veröldinni eru ríki sem hafa hvorki öflugt heilbrigðiskerfi né bolmagn til að kaupa inn bóluefni sem þó er til og myndi geta leyst milljónir undan þjáningu og missi.

Í stað þess að byrja að metast um forgangsróðunina við bólusetninguna, sem allir fá á endanum hér heima sem vilja, ættum við að bóka bóluefni handa þeim sem ekki ráða við það sjálf. Eigum við ekki að vera stór sem þjóð og sjá til þess að með póntunum okkar á bolu-

efni hingað til lands myndum við samhliða taka ábyrgð á póntunum handa þeim þjóðum sem annars verða langt á eftir? Það væri óskandi að við gætum allavega byrjað sjálf á því að styðja fátækustu ríkin af þeim sem við erum nú þegar að vinna með að þróunarverkefnum. Hér er því boltinn á lofti hjá utanríkisþjónustu, þróunarsjóðum og hjálparstofnunum gagnvart þeim löndum þar sem við þekkjum til. Við getum byrjað þar og það yrði bæði táknrænt og til fyrirmyndar.

Það yrði alvarlegt slysi fyrir heiminn í heild sinni ef fjöldi landa átti ekki möguleika á þessari sjálfsgöðu lausn og vörn gegn miklum vágæsti. Það gæti orðið að viðvarandi plágu og mannfelli. Slíkur veikleiki í vörninni myndi veikja heimsbyggðina sem heild.

Varnaðarorðin okkar núna ættu að vera reynslan af aðgangi að lyfjum gegn eyðni sem varð til þess að eyðni er haldið í skefjum um stóran hluta heimsins. En þar sem það var dýrt lyf leyfðum við eyðni að stráfella fólk í fátækustu löndunum í áratugi. Enga tölu höfum við á fjölda foreldralausra barna vegna þeirrar plágu. Við getum ekki látið það gerast núna og því ætti ráðafólk okkar að sýna gott fordæmi og hvetja með því allar aðrar velmegandi þjóðir til að gera slíkt hið sama. Sem vel menntuð, almennt trúuð og áhrifamikil sjálfstæð þjóð leyfist okkur ekki að skilja nokkurt einasta samfélag fólks eftir þegar göð lausn virðist hafa verið fundin með bólusetningu. Út frá lífsgildum okkar, siðferðilegum gildum og mannkærleika ber okkur að sýna þessa ábyrgð.



# Sísyfos og krónan



**Starri Reynisson**  
forseti Upp-  
reisnar, ung-  
liðahreyfingar  
Viðreisnar

Í einni af fjölmörgum áhuga- verðum sögum grískrar goðafræði má lesa um Sísyfos, konung af Kórínþu. Sísyfos var grimmur, gráðugur og undirföfull, en með eindæmum gáfadur. Svo gáfadur að honum tókst, í það minnsta um stund, að svíkjast undan dauðanum. Sísyfos var líka ákaflega hrokafullur og dramsamur, en hann leit svo á að hann væri guðunum æðri.

Þegar loksins tókst að koma honum endanlega fyrir kattarnef þótti guðunum við hæfi að refsa honum sérstaklega fyrir hrokann og drambið og dæmdu hann til þess að ýta stórum grjóthnullungi upp bratta fjallshlíð áður en hann færi til Hadesar. Seifur, sem Sísyfos

hafði móðgað sérlega illa, sá sér þá leik á borði og lagði bölvun á grjótið þannig að alltaf þegar Sísyfos væri að nálgast fjallstoppinn myndi hnullungurinn renna úr greipum hans og velta aftur niður hliðina. Sísyfos var því dæmdur til þess að ýta grjótinu upp hliðina aftur og aftur til eilífðarnóns. Siendurtekið erfiði sem alltaf endar á sama veg, að öllu leyti tilgangslaust.

Við sem þjóð erum undir sömu bölvun og Sísyfos, íslenska krónan er okkar grjóthnullungur. Í hvert skipti sem krónan hrynur þarf almenningur að taka höggð, ásamt því að leggja á sig þyngstu vinnuna við endurreisn hennar. Mér finnst við ekki eiga þessa bölvun skilið, þó annað megi kannski gilda um Sísyfos. Stóri munurinn er hins vegar sá að engir guðir lögðu þessa bölvun á okkur, heldur gerðum við það sjálf, og það er alfaríð undir okkur komið að losa okkur undan henni. Hvernig gerum við það? Með inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru. Þar liggja okkar hagsmunir og þar liggja okkar framtíð.

# FÓLK

ÞRIÐJUDAGUR 19. JANÚAR 2021

## Heimili



Nýja skíðadeildin hjá GG Sport hefur verið mjög vinsæl, en þar er boðið upp á topp þjónustu og viðhald og frábærar vörur. Þar er hægt að komast í frábært úrval af gönguskiðum, svigskíðum, fjallaskíðum og snjóbrettum, ásamt öllum nauðsynlegum aukabúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING á Hringbraut  
og hringbraut.is



Fylgstu með!

# Reiðubúin til að taka á móti öllu skíðafólki

Verslunin GG Sport opnaði nýlega skíðadeild sem hefur fengið ótrúlega góðar viðtökur. Þar fást gönguskiði, svigskíði og fjallaskíði ásamt snjóbrettum og öllum nauðsynlegum aukabúnaði til að stunda vetraríþróttirnar. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Nýja skíðadeildin hjá GG Sport hefur notið mikilla vinsælda frá því hún var opnuð. Þar fæst allt sem þarf til að renna sér á skíðum og snjóþremmum, þar á meðal skíði og búnaður frá MADSHUS og K2. Skíðaiþróttir eru í miklum vexti hér á landi og starfsfólk GG Sport hjálpar fólki að velja búnaðinn sem hentar því.

„Við vorum að opna skíðadeild og eftir það hefur orðið mikil upp-sveifla hjá okkur. Hún nýtur mikilla vinsælda og hefur sett mark sitt á markaðinn,“ segir Leifur Dam Leifsson, annar eigenda GG Sport. „Þetta hefur vantað lengi hjá okkur og við tókum þá ákvörðun alveg strax í upphafi að gera þetta vel og bjóða bæði upp á topp þjónustu og viðhald, ásamt frábærum vörum, en við bjóðum bæði upp á gönguskiði, svigskíði og fjallaskíði, ásamt snjóþremmum.“

Gönguskiði eru að verða afar vinsæl um þessar mundir og það er að verða vitundarvakning í sportinu,“ segir Leifur. „Við sjáum að fólk er að fara út fyrir hefðbundnar aðferðir til að stunda útivist af miklu kappi og þá koma gönguskiði gríðarlega sterk inn. Fólk er að leita leiða til að vera saman og njóta útiveru og þá eru gönguskiði skemmtilegur kostur.“

## Mikil aukning í gönguskiðaðkun hjá þjóðinni

„Við bjóðum upp á gönguskiði frá MADSHUS, sem er búnaður í fremsta flokki í heiminum, og seljum tvær gerðir af gönguskiðum. Annars vegar svokölluð brautar-skiði, sem eru notuð á afmarkaðri braut eða spori eins og finnast til dæmis í Bláfjöllum, Heiðmörk og á ýmsum golfvöllum. Svo erum við líka með utanbrautar-skiði með stálköntum og það hefur komið okkur á óvart hvað þau eru vinsæl,“ segir Leifur. „Ég myndi segja að þau séu líka að sækja í sig veðrið, enda gera þau fólki kleift að ganga um í villtri náttúrunni.“

„Það hefur verið gífurleg aukning og vakning í þessu og það er biðlisti langt fram á veturinn í allri gönguskiðakennslu í Bláfjöllum,“ segir Guðmundur Gunnlaugsson, sérfræðingur í skíðadeild. „Ég veit að fólk er að fara af höfuðborgarsvæðinu til Ísafjarðar, Akureyrar og Siglufjarðar bara til að komast á námskeið.“

## Finna það sem hentar hverjum viðskiptavini

„Við leggjum áherslu á að bjóða upp á skíðapakka þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi en einnig að lesa kunnann, átta okkur á þörfum hans og gefa ráðleggingar út frá þeim. Jafnvel þó að fólk sé að stíga sín fyrstu gönguskiðaspur mælum við ekki alltaf með byrjendapakkanum,“ segir Leifur. „Við mælum oft með því að fólk eyði frekar aðeins meira í búnaðinn til að eiga þá meiri notkunarmöguleika inni svo græjurnar geti haldið áfram að þjóna því þegar getustigið eykst og það fer að prófa nýja hluti.“

„Við höfum heyrt frá fólki sem segir okkur að það hafi keypt það ódýrasta og svo farið á námskeið og þá vill það fá stífari skíði með meira rennsli, gripi og hraða,“ segir Guðmundur. „Þar fær það lánaðan betri búnað og þegar það fær að upplifa muninn brosir það allan hringinn.“

„Á sama tíma erum við ekkert að gera lítið úr ódýrari búnaði, það skiptir bara máli að fólk kaupi það sem er við hæfi og hentar því,“ segir Leifur. „Það skiptir máli að geta notið þess að vera á skíðunum og geta gert það sem maður vill, þá er svo miklu skemmtilegra.“



GG Sport býður upp á gönguskiði frá MADSHUS, sem eru í fremsta flokki í heiminum. Þar eru seldar tvær gerðir af gönguskiðum, annars vegar brautar-skiði og hins vegar utanbrautar-skiði með stálköntum. MYND/ADSEND



Skíðaganga er að verða afar vinsæl um þessar mundir og það er að verða vitundarvakning í sportinu. Fólk er að leita leiða til að vera saman og njóta útiveru og þá eru skíðagangan skemmtilegur kostur. MYND/ADSEND



## Skíðaganga er mikið fjölskyldusport og er stunduð af börnum, unglíngum og fullorðnum og alls kyns vinahópum og saumaklúbbum.

„Til okkar kemur mjög breiður hópur fólks og yngri kynslóðin, fólk sem er 50 ára og yngra, er mjög oft að sækjast eftir að fara á námskeið og fara í Landvættina og Fossavatnsgönguna, eða í það minnsta eiga möguleika á því, og þá gengur ekki að vera bara á byrjendapakka,“ segir Guðmundur. „Amma og afi eru svo frekar í byrjendapakkanum og hafa hann kannski uppi í sumarbústað til að fara aðeins út, en ekki til að fara hratt yfir.“

## Skilar heilsu og hamingju

„Skíðaganga er mikið fjölskyldusport og er stunduð af börnum, unglíngum og fullorðnum og alls kyns vinahópum og saumaklúbbum,“ segir Guðmundur. „Það er mjög gaman að sjá þetta sport, og vetrarsport almennt, vaxa,“ segir Leifur. „Fjallaskíðin eru heldur aldrei langt undan og við leggjum auðvitað líka ríka áherslu á þau og svigskíði, en skíðadeildin okkar er ein sú sterkasta á landinu.“

„Staðan er þannig í samfélaginu

GG Sport leggur áherslu á að bjóða upp á skíðapakka þannig að allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi en einnig nauðsyn þess að meta þarfir hvers og eins og gefa ráðleggingar eftir þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

Gönguskiði bjóða upp á mikið frelsi. Fólk er ekki háð skíðalyftum heldur er frelsið, viðáttan og upplifunin númer eitt, tvö og þrjú. MYND/ADSEND

í dag að fólk þráir að komast út og fá útrás,“ segir Guðmundur.

„Það eitt að fara út og anda að sér hreinu lofti er eitt það besta sem er hægt að gera fyrir heilsuna og gerir manni auðveldara að þrúka daginn og halda líkamlegri og andlegri heilsu,“ segir Leifur. „Þetta skapar mikil ævintýri fyrir þá sem fara út í sportið og víkkar ævintýrasjóndeildarhringinn.“

„Gönguskiði bjóða upp á mikið frelsi. Fólk er ekki háð skíðalyftum heldur er frelsið, víðáttan og upplifunin númer eitt, tvö og þrjú,“ segir Guðmundur. „Svo er líka verið að opna skíðalyftur, þannig að svigskíða- og snjóþremmabúnaður er að fara aftur í gang og þær íþróttir höfðu líka til mjög breiðs hóps.“

„Við tókum svo inn vörur frá vörumerkinu K2, sem er með flottari merkjum í skíðavörum og víðtökurnar hafa verið ótrúlegar,“ segir Leifur. „Þetta var þekkt merki hér á landi fyrir og sendingarnar hafa ítrekað selst upp, sem við bjuggumst ekki við.“

„Já, við sprengdum í rauninni alla skala varðandi áætlanir þegar við opnuðum þessa skíðadeild, henni hefur verið tekið rosalega vel,“ segir Guðmundur. „Núna erum við því bara mjög vel sett og tilbúin til að taka á móti fólki.“

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu GG Sport, ggsport.is.

# Endurskoðun & bókhald

ÞRIÐJUDAGUR 19. JANÚAR 2021

Kynningar: Uniconta, dk hugbúnaður, Wise lausnir, Múlalundur.



Þorsteinn Pétur M. Lemke forritari og Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi, vinna stöðugt að því að fullkomna bókhaldskerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Kerfið sem varð til í skýinu

Uniconta er fullkomið bókhaldskerfi í skýinu sem inniheldur kerfiseiningar lagaðar að þörfum fjölbreyttra íslenskra fyrirtækja. Kerfið er hraðvirkt og notendavænt og sparar tíma í bókhaldi.

Uniconta á Íslandi er nú að hefja sitt fimmta starfsár og á þeim tíma hefur Uniconta bókhaldskerfið verið lagað að íslenskum aðstæðum. Á fjórða hundrad fyrirtækja hér á landi nota kerfið daglega og að sögn Ingvalds Thors Einarssonar, framkvæmdastjóra Uniconta á Íslandi, hefur kerfið hitt í mark á meðal íslenskra fyrirtækja. Fyrirtækin sem nota kerfið hér á landi eru allt frá litlum og meðalstórum

fyrirtækjum upp í stórfyrirtæki en kerfið er gríðarlega öflugt og það er einfalt og fljótlegt að aðlaga það fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Ingvaldur útskýrir að Uniconta kerfið innihaldi kerfiseiningar sem uppfylla fjölbreyttar kröfur ólíkra fyrirtækja. Grunnkerfin eru fjárhags- og eignakerfi, viðskiptavina- og sölukerfi, lánardrottna- og innkaupakerfi, birgða- og framleiðslukerfi og verkboðhalds- og

tímaskráningarkerfi auk CRM kerfis.

### Loka hringnum í færri handtökum

„Grunneiningin í kerfinu er fjárhagur. Í fjárhagskerfinu eru öll fylgiskjöl stafræn. Það þýðir að við getum tekið við reikningum á PDF sem flæða beint inn í Uniconta úr tölvupósti. Einnig má taka á móti rafrænum reikningum frá skeytamiðlara en þá les kerfið

allar bókunarupplýsingar sjálfkrafa. Með einu handtaki má færa reikninga til samþykktar. Ferlið við að taka á móti reikningi og gera hann tilbúinn til bókanar á bara að vera tvö handtök. Fyrir nokkrum árum þurfti að sækja reikninginn í póstkassann, taka hann úr umslaginu, handskrifa upplýsingar inn í bókhaldskerfið og svo að handskrifa fylgiskjalsnúmer á reikninginn, gata hann og setja í möppu. Við náum gríðarlegum

tímasparnaði við bókhaldið þar sem tvö til þrjú handtök þarf til að taka við reikningi, senda hann til samþykktar og bóka. Samþykkiandi samþykkir með einum smelli í gegnum app í símanum eða hlekk í tölvupóst og hringnum er lokað,“ útskýrir Ingvaldur.

Í fjárhagskerfinu er líka rafræn afstemming fyrir banka sem kallar rafrænt í allar hreyfingar banka-

Framhald á síðu 2 ➔

## Framhald af forsiðu →

reikninga og stemmir þær af við fjárhag. Setja má upp bókunarreglur fyrir óafstemmdar færslur og þannig lærir kerfið að færa bókhaldið, svo notandinn sleppur við tímafreka handavinnu. Í fjárhagsáætlanakerfinu geta fyrirtæki gert áætlanir fram í tímann og með einföldum hætti borið þær saman við rauntölur. Einnig inniheldur Uniconta eignakerfi sem heldur utan um fastafjármuni og afskriftir þeirra. Notendur skila svo VSK skýrslum með rafrænum hætti.

## Birgðakerfið er flaggskipið

„Í Viðskiptavinakerfinu er haldið utan um viðskiptavinum, tilboð, pantanir og afhendingarseðla. Þar eru sölu- og afhendingarferilur, ýmist sem rafrænir reikningar eða PDF reikningar, sem sendir eru með tölvupósti. Þar má stofna innheimtukröfur sem eru sendar til banka og halda utan um greiðslur og bókun innheimtukostnaðar,“ útskýrir Ingvaldur.

„Í Lánardrottnakerfinu er svo haldið utan um lánardrottna, innkaup, innkaupabeðni, pantanir og greiðslur til lánardrottna. Viðskiptavina- og Lánardrottnakerfin eru mjög svipuð kerfi, nokkurs konar speglun hvort á öðru. Kerfið heldur utan um stöður í öllum gjaldmiðlum, bæði í fjárhag og undirkerfum og gengismunur færast sjálfkrafa.“

Birgðakerfið er enn ein kerfiseining Uniconta, þar má halda utan um staðsetningu á vörum, til dæmis eftir verslun eða lager, sjá hvaða vörur eru í innkaupum og hvenær þær eru væntanlegar. Birgðakerfið heldur utan um kostnaðarvirði á vörum, uppskriftir, framleiðslu, vöruafbrigði, lotu- og raðnúmer og margt fleira.

„Það má segja að birgðakerfið sé flaggskipið okkar,“ segir Ingvaldur. „En við erum einnig með gríðarlega öflugt verkþókhaldskerfi þar sem hægt er að halda utan um tímaskráningar starfsmanna og eignfæra verk í vinnslu. Tímaskráningu og skráningu kostnaðar á verk má gera í gegnum app sem heitir Uniconta Assistant.“

## Uniconta Assistant appið fyrir daglega vinnu

Uniconta Assistant appið virkar á iOS og Android snjalltækjum. Í gegnum appið getur notandinn skráð tíma á þau verk sem hann vinnur. Þar er einnig hægt að skrá kostnað eins og vörunotkun og akstur. Notandinn getur samþykkt reikninga í appinu og gefið út sölu-reikninga.

„Appið er hugsað fyrir fyrirtæki sem eru kannski með iðnaðarmenn í vinnu eða fólk sem vinnur mikið úti á örkinni. Fólk getur þá unnið sína daglegu vinnu í litlu appi í símanum,“ segir Ingvaldur.


## Auðvelt að aðlaga kerfið

Eins og áður kom fram verður Uniconta kerfið fimm ára á árinu. Kerfið er skýjalausn sem var hannað í skýnu ólíkt flestum öðrum kerfum sem hönnuð voru í eldra tækniumhverfi en hafa verið aðlöguð skýjaumhverfinu.

„Uniconta fæddist í skýnu. Viðskiptavinir okkar borga bara fast lágt mánaðargjald sem fer eftir notkun. Þeir fá svo allar uppfærslur á kerfinu sjálfkrafa. Þeir mæta bara í vinnuna og einn daginn getur verið komið eitthvað nýtt inn í kerfið. Þetta gerist án alls kostnaðar og fyrirhafnar fyrir viðskiptavininn,“ segir Ingvaldur.

Hann útskýrir að það sem Uniconta hefur umfram flestar skýjalausnir sem keyra í vafra er að auðvelt er að laga Uniconta að þörfum fyrirtækja.

„Það er einfalt að bæta við reitum og töflum og ýmiss konar sértækri virkni. Oftast er þetta ekki hægt í skýjalausnum eða



Sölu- og þjónustuaðilar í samvinnu við Uniconta hjálpa viðskiptavinum að læra á kerfið. MYND/ADSEND



Þeir hjá Uniconta leggja áherslu á að einfalda alla ferla í bókhaldsvinnu.

mjög flókið ferli. Skýjalausnir eru yfirleitt staðlaðar lausnir sem ekki er hægt að breyta. Stærri fyrirtæki hafa í gegnum tíðina keypt kerfi og hýst þau sjálf svo þau geti lagað þau að sínum þörfum. Það sem við gerum öðruvísi er að sameina kosti gömlu kerfanna, sem menn settu upp sjálfir og lögðu að sínum þörfum, og vafralausna sem eru í skýnu. Uniconta sameinar það besta úr báðum heimum.“

## Hraðvirkt og notendavænt

Ingvaldur segir Uniconta kerfið mjög notendavænt og hraðvirkt. „Margir notendur hafa talað um að Uniconta sé hraðasta bókhaldskerfi í heimi þó ég þori ekki að fullyrða það. Bókhaldskerfi í skýnu hafa tilhneigingu til að verða hægðarkari eftir því sem fleiri notendur koma inn í þau og vinnslur verða flóknari. En því er ekki að heilsa hjá okkur.“

Ingvaldur nefnir að bókarar hafi talað um að þeir séu að spara alveg frá 30-50% af tímanum sem fór í að færa bókhald áður, eftir að þeir fóru að nota Uniconta.

„Í Uniconta er auðvelt að leiðrétta rangar færslur og gera lagfæringar á bókhaldinu. Bókarar hafa talað um að þeir spari mikinn tíma í afstemmingu og leiðréttingar. En þó bókarar hafi mikla reynslu þá gerast alltaf einhver mistök.“

Í Uniconta er kerfiseining sem heitir Uniconta Dashboard. Það geta fyrirtækin sett upp mælaborð fyrir sinn rekstur eftir eigin þörfum.

„Við erum líka með það sem kallast OData þjón, sem gerir það að verkum að notandi getur skráð sig inn í gegnum Excel eða PowerBI,

sótt gögnin sín þangað og búið til alls kyns skýrslur og mælaborð þar inni,“ segir Ingvaldur.

## Auðvelt að tengja við önnur kerfi

„Annar kostur er að Uniconta kerfið er byggt upp sem API, eða (Application Programming Interface). Það þýðir að mjög auðvelt er fyrir notendur að tengja önnur kerfi sem þeir nota við Uniconta. Ef þeir nota til dæmis framleiðslu-kerfi þá er hægt að tengja það í gegnum API. Þetta er tiltölulega einfalt miðað við í eldri kerfum. Það voru yfirleitt bara stóru fyrirtækin sem réðu við að fara í samþáttanir á mismundandi kerfum sem töluðu öll saman. En með API er þetta miklu auðveldara og litlar hindranir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að fá þessar samþáttanir og auka skilvirkni.“

Uniconta á Íslandi er dreifingaraðili Uniconta hugbúnaðarins á íslenskum markaði. Ingvaldur útskýrir að það þýði að það sé þeirra hlutverk að staðfæra hugbúnaðinn og sníða hann.

„Við smíðum kerfiseiningar sem íslensk fyrirtæki nota, markaðsetjum kerfið og viðhöldum þekkingarstiginu hér á landi. Við vinnum með fjölda sölu- og þjónustuaðila, það má nefna fyrirtæki eins og Þekkingu. Svar, Tölvugerði og Bókhald & aðrar lausnir. Þetta eru aðilar sem aðstoða notendur okkar við að innleiða kerfið og veita þeim þjálfun, kennslu og ráðgjöf. Fyrirtækin geta líka aðstoðað notendur við samþáttun við önnur kerfi.“

## Nýjungar í kerfinu

Það eru alltaf að koma fram nýj-



Með Uniconta Assistant Appinu er hægt að vinna daglega vinnu í símanum.

ungar í Uniconta en á meðal þeirra nýjustu eru tollakerfi sem er ætlað fyrirtækjum í innflutningi. Með tollakerfinu geta fyrirtæki átt samskipti við Skattinn beint úr Uniconta. Þau senda tollskýrslu úr Uniconta sem byggir á innflutningsgögnum og fá álagningu gjalda til baka í svarskeyti frá tollinum. „Þetta gerist rafrænt með nokkrum smellum í okkar kerfi. Við hugsum þetta sérstaklega fyrir heildsölur og smásölur sem flytja inn vörur sjálfar,“ segir Ingvaldur.

„Önnur nýjung hjá okkur eru EDI samskipti sem eru ríkjandi í samskiptum á milli heildverslana og smásöluverslana. Við erum einnig nýlega komin með sendingu og móttöku á rafrænum reikningum á því sem heitir evrópska normið. Við erum fyrst á Íslandi til að innleiða Evrópustaðalinn fyrir rafræna reikninga í okkar hugbúnaði. Að lokum vorum við að klára rafræn skil á verktakamiðum. Þau eru orðin hluti af kerfinu.“

Aðrar nýjungar eru einnig í þróun hjá Uniconta, þar á meðal afgreiðsluakerfi fyrir verslanir og

aukun samþáttun við banka- og fjármálastofnanir.

„Við stefnum að því á þessu ári að notendur okkar geti átt öll bankasamskipti rafrænt í gegnum okkar kerfi hvort sem um innheimtu, innlendar eða erlendar greiðslur sé að ræða. Þetta ásamt afgreiðsluakerfinu er í vinnslu hjá okkur og mun koma út á árinu,“ segir Ingvaldur.

Ingvaldur segir að þeir hjá Uniconta séu oft spurðir hver er þeirra helsti keppinautur.

„Ég myndi segja að helsta samkeppnin okkar sé kyrrstaða. Við tölum við mikinn fjölda fyrirtækja í hverri viku sem eru að velja þessum hlutum fyrir sér. Við finnum að ef þau gera eitthvað í málunum þá koma þau til okkar en oft er það þannig að þau fresta hlutunum. Það hefur hingað til verið umfangsmikið verk að innleiða nýtt kerfi og menn halda því oft áfram að gera það sama og síðustu 10-20 ár og fresta þannig tækifæri til aukinnar skilvirkni og hagræðingar. Það er langstærsta samkeppnin okkar, að menn eru ragir við breytingar.“



ÞEKKING

svar)



BÓKHALD &amp; AÐRAR LAUSNIR ehf

Tölvugerði ehf

Uniconta vinnur með fjölda sölu- og þjónustuaðila sem aðstoða notendur Uniconta við að innleiða kerfið og veita þeim þjálfun, kennslu og ráðgjöf.





Í dag vinna 73 starfsmenn hjá dk hugbúnaði. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á jafnrétti og er stolt af öllum þeim hæfileikaríku konum sem starfa þar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Áreiðanlegt og sveigjanlegt bókhaldskerfi í tuttugu ár

Íslenska bókhaldskerfið frá dk hugbúnaði er mjög sveigjanlegt og býður upp á hentugar sérlausnir fyrir ótal gerðir reksturs. Bókhaldskerfið er áreiðanlegt og fjölbreytt. Þúsundir fyrirtækja nýta sér fjölmarga kosti kerfisins og viðskiptavinum dk hugbúnaðar fjölgar hratt og örugglega.

Fyrirtækið dk hugbúnaður framleiðir og selur langútbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir fyrirtæki. „dk hugbúnaður er leiðandi í viðskiptahugbúnaði hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður,“ segir Dagbjartur Pálsson, sem er framkvæmdastjóri hjá fyrirtækinu ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni. „Fyrirtækið framleiðir allhliða viðskiptahugbúnað og varð 22 ára á síðasta ári.“

## Útbreiddasta viðskiptakerfið

„Þetta er alíslenskur hugbúnaður sem var þróaður og smíaður frá grunni af okkur,“ segir Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur afgreiðslukerfa. „Það hefur verið reglulegur og góður vöxtur í allri starfseminni okkar nánast frá fyrsta degi og í dag eru yfir 6.500 fyrirtæki með kerfi frá okkur. Af þeim eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins sem og meðalstór og lítil fyrirtæki. dk viðskiptahugbúnaðurinn er langútbreiddasta viðskiptakerfið á íslenskum markaði, með um 55% markaðshlutdeild,“ segir Hafsteinn.

„Í dag vinna 73 starfsmenn hjá fyrirtækinu og hefur þeim fjölgað um 9 á þessu ári,“ segir Dagbjartur og heldur áfram: „Svo rekur við einnig stóra og mikla skýjaþjónustu undir nafninu dk Vistun og erum leiðandi á því sviði. Ekkert fyrirtæki sinnir hýsingarþjónustu fyrir annan eins fjölda fyrirtækja



Dagbjartur Pálsson, framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, og Hafsteinn Róbertsson, sérfræðingur afgreiðslukerfa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hérlandis og við, en það eru nú um 4.500 fyrirtæki.“

## Mörg samverkandi kerfi

„Hugbúnaðurinn okkar er séría af alls kyns samverkandi kerfum, mörgum einingum sem vinna saman til að mynda eitt samfellt kerfi. Kerfin sjá um ólíka hluta rekstrarins. Það eru sér kerfi fyrir skrifstofuna (bakvinnsluna), svo sem fjárhags-, launa-, sölu- og innkaupakerfi, og svo er annar hluti kerfisins sem sér um framendann, svo sem afgreiðslu og veitingasölu. Sá hluti kerfisins kallast dk POS afgreiðslukerfi,“ segir Dagbjartur.

## Sjálfsafgreiðsla með dk

Sjálfsafgreiðsla er farin að ryðja sér til rúms á Íslandi. „Við erum með sérsníðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu og af þeim fyrirtækjum sem hafa tekið upp sjálfsafgreiðslukerfi dk POS, til að stytta biðaðir á háannatíma, má nefna Læknavaktina Austurvei og Perluna. Þar er líka dk iPOS sjálfsafgreiðslukerfið sem keyrir á iPad og er beintengt bókunarvél Bókunar,“ segir Hafsteinn. „dk mun svo koma með fleiri sérhæfðar sjálfsafgreiðslulausnir á næstu vikum og því eru svo sannarlega spennandi tímar fram undan.“



Nýlega kom ný útgáfa af hugbúnaðinum með fjölmörgum nýjungum.



## Pappírslaut og sjálfvirk

„Kosturinn við að vera hjá dk hugbúnaði er að öll vinna við bókhaldið er mjög fljótleg, sjálfvirk og skemmtileg. Sjálfvirkni í móttöku og sendingu rafræna reikninga, hvort sem er á PDF- eða XML-formi, einfaldar líf bókarans, dregur úr villuhættu og tryggir rétta meðhöndlun gagna,“ segir Dagbjartur. „Bankakerfið annast sjálfvirka afstemmingu bankareikninga og sýnir raunstöðu bankareikninga á einum stað. Öll vinnsla á sér stað inni í kerfinu og ekki þarf lengur að skrá sig inn í

netbanka til að greiða og móttaka reikninga sem og sækja greiðslur. PDF-reikningar til viðskiptavina og frá birgjum eru sendir og móttæknir og tengdir við færslur þar sem við á. Við bjóðum líka upp á tengingar við allar helstu vefverslanir og sérsníðnar sjálfsafgreiðslulausnir fyrir verslun og þjónustu,“ segir Hafsteinn. „Allt er þetta liður í að gera dk viðskiptahugbúnaðinn sem mest pappírslausan og sjálfvirk.“

## dk í áskrift

„Á dk.is er val um áskriftarleidir og verð og hægt er að panta aðgang að hugbúnaðinum. Það tekur aðeins einn dag að afgreiða leyfi og nýtt bókhald með grunnkerfum dk sem duga fyrir flest fyrirtæki,“ segir Dagbjartur.

Fyrirtækið er með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á [www.dk.is](http://www.dk.is)



**Bryndís Björk er formaður Félags löggiltra endurskoðanda. Sjálf starfar hún hjá PwC.**

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

# Konur sækja í sig veðrið

Bryndís Björk Guðjónsdóttir var kjörin formaður Félags löggiltra endurskoðanda á 85 ára afmæli félagsins í fyrra. Hún er þriðja konan til að gegna formennsku í félaginu sem er mjög öflugt.

Elín  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



**B**ryndís Björk segir að karlar hafi ávallt í sögu félagsins verið fleiri en konur. „Konum hefur verið að fjölga á undanföllum árum þótt þær nái

ekki helmingnum af félagsmönnum,“ segir hún. „Af sex manns sem fengu löggildingu í desember voru fjórar konur og tveir karlar,“ greinir hún frá.

Bryndís var varaformaður í tvö ár áður en hún varð formaður. Hún segir að reglurnar séu í fóstum skorðum. Hefðin hefur verið að varaformenn eru kjörnir formenn eftir tveggja ára setu sem varaformenn ef þeir gefa kost á sér. Þær sem hafa setið á undan henni í formannsstóli eru Margrét Flóvenz frá 2007-2009 og Margrét Pétursdóttir, 2015-2017. Árið 1975 hlaut fyrsta konan, Guðríður Kristófersdóttir, löggildingu til endurskoðunarstarfa en síðan hefur vegur kvenna innan stéttarinnar vaxið jafnt og þétt.

Bryndís sem er alin upp á Skagaströnd segist ekki hafa farið hefðbundna leið í starfið. Hún hafði ekki gengið með endurskoðandadraum í maganum þótt hún hafi ávallt verið góð í stærðfræði. Hana dreymdi um að verða hönnuður og útskrifaðist sem iðnrekstrarfræðingur. Hún fékk vinnu á endurskoðendasviði hjá PwC eða Pricewaterhouse-Coopers ehf. Eftir að hafa starfið þar í nokkur ár ákvað hún að fara í meistaranám 2008 til að geta lokið löggildingarprófi í endurskoðun. „Ég fékk mikinn áhuga á þessari vinnu,“ segir hún en Bryndís starfar enn hjá PwC.

## Miklar breytingar

Bryndís segir að starfið hafi breyst mikið á undanföllum 15 árum. „Með tilkomu þess að menn fóru að byggja vinnu sína á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Endurskoðunar fyrirtæki eru með mjög formfasta aðferðarfræði og endurskoðendavinnu. Einnig erum við með strangar kröfur um varðveislu og læsingu gagna. Það

er talsvert mikið sem fólk þarf að læra til að geta sinnt þessu starfi. Maður þarf að kunna reikningskil og reglur er varða þau. Alþjóðlega sem innlenda staðla og lög, skilja stjórnhætti ásamt góðri kunnáttu í félaga- og skattarétti. Auk þessa þarf að kunna lög um endurskoðun og endurskoðendastaðla sem unnið er eftir. Þá er krafa á endurskoðendum að fara í endurmenntun reglulega og það er eftirlit með henni. Endurskoðendur halda utan um endurmenntun sína í rafrænni skrá sem Félag endurskoðanda heldur síðan utan um fyrir félagsmenn sína. Endurskoðendaráð hefur eftirlit með því að endurskoðendur uppfylli þær kröfur sem settar eru. Endurskoðendur eru eftir því sem ég best veit eina fagstéttin sem sætir opinberu gæðaeftirliti,“ segir Bryndís.

## Öflugt félag

Flest allir löggiltir endurskoðendur eru í félaginu, að sögn Bryndísar. „Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá félaginu. Við erum með mjög virkt nefndarstarf í fastanefndum innan félagsins. Við gefum út okkar eigið blað einu sinni á ári og það fer að stytta í útkomu þess,“ segir hún. „Svo erum við með föst námskeið og ráðstefnur þannig að félagið er öflugt. Á síðasta ári hefur starfsemin verið rafræn og það hefur gengið vel,“ segir Bryndís og bætir við að atvinnuhorfur séu góðar á stéttinni. „Til að geta orðið endurskoðandi þarf að hafa meistaraþrófi í reikningshaldi og endurskoðun auk þess að hafa unnið á endurskoðunarskrifstofu í minnst þrjú ár áður en farið er í löggildingarpróf.“

## Gagnlegt nám

Bryndís segir að það sé talsverð

eftirsókn í námið en ekki séu allir sem starfi á endurskoðendaskrifstofu eftir það. „Námið er gagnlegt fyrir þá sem ætla að vinna hjá fyrirtækjum sem fjármálastjórar eða aðalbókarar. Talsverður fjöldi endurskoðanda starfar hjá stórum fyrirtækjum frekar en að vinna við endurskoðun.“

Þegar Bryndís er spurð hvenær ársins sé annasamasti tíminn, svarar hún: „Þetta starf var þannig áður að það var eins og vertíðarvinna í lotum. Oft var meira að gera fyrri hluta ársins. Núna er þetta orðið jafnara yfir árið. Fyrri hlutinn fer gjarnan í stærstu fyrirtækin sem eru að birta reikningskilin snemma árs og síðan koll af kalli. Minnstu fyrirtækin eru síðan að útbúa ársreikning og skattframtal fram eftir hausti,“ segir hún.

## Draumar rætast

Bryndís kynntist eiginmanninum í heimabæ sínum á Skagaströnd. Hún segir að hér áður fyrr hafi hún einu sinni sagt við hann að hana langaði til að vinna í stóru fyrirtæki þar sem væri margt starfsfólk sem væri að gera það sama og kynni það sama. „Við gætum þar með rætt saman um vinnuna. Vinnan hjá PwC er ekkert fjarri þeirri ósk en mér datt samt aldrei í hug að ég yrði endurskoðandi,“ segir hún. „Þetta starf krefst þess að maður sér góður í samskiptum við fólk, við vinnum bæði í teyllum innanhúss og sinnum þörfum viðskiptavina okkar. Mikilvægt hlutverk okkar er að skapa traust í viðskiptum og í efnahagslífinu. Sumir halda að þetta sé tilbreytingarsnautt starf en í raun er það mjög fjölbreytt. Við erum alltaf að kynnast nýju fólki og fyrirtækjum. Það gerir þetta starf sérstaklega skemmtilegt.“

Kynntu þér alhliða fjármálaþjónustu Endurskoðunar VSK.

Við bjóðum uppá fjármálastjóra í hlutastarfi fyrir minni og meðalstór fyrirtæki



Endurskoðun  
VSK ehf

Endurskoðun VSK ehf • Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík  
www.vsk.is • vsk@vsk.is

# Viðskiptalausnir í stafrænum heimi

Hugbúnaðarfyrirtækið Wise býður upp á lausnir sem gera viðskiptavinum af öllum stærðum og gerðum kleift að laga sig að nýjum stafrænum veruleika á einfaldan og öruggan hátt.

Fyrirtækið Wise á sér langa sögu, var áður Maritech en hefur starfað undir merkjum Wise síðastliðin 10 ár. Starfsemi fyrirtækisins byggir á endursölu á Microsoft 365 viðskiptalausnum, er einn stærsti söluaðilinn á Íslandi og er í fararbroddi í upplýsingatækni með áherslu á bókhald, ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingar ásamt öflugri og persónulegri þjónustu.

Forstjóri fyrirtækisins, Jóhannes Helgi Guðjónsson, tók við forstjórnastól Wise fyrir ári. Hann kom frá Össuri þar sem hann var forstöðumaður upplýsingatækni (CIO) síðastliðin fimm ár. Fram að því stýrði hann upplýsingatækni-deildum meðal annars hjá MP banka, Heritable banka í London og Íslandsbanka. Jóhannes hefur því varið stórum hluta starfsferils síns í hlutverki viðskiptavinar fyrirtækja eins og Wise og hefur þar af leiðandi mikla þekkingu á því hvernig fyrirtæki eins og Wise geti stutt betur við fyrirtæki og hjálpað þeim að ná betri árangri.

## Krefjandi tímar í COVID

Skömmu eftir að Jóhannes tók við stjórnartaumum Wise skall COVID-bylgjan á heimsbyggðinni. Fyrirfram hefði maður haldið að flest öll tæknifyrirtæki væru að blómstra í COVID-bylgjunni en henni hafa fylgt töluverðar áskoranir samhliða ákveðnum tækifærum.

„Við, eins og önnur fyrirtæki, þurftum að endurskipuleggja alla starfsemi fyrirtækisins, flestallir unnu að heiman stóran hluta síðasta árs. En við búum vel að því að vera með starfsemi í tækni en eins og við vitum þá var stórt stökk tekið hjá mörgum fyrirtækjum á þessu ári í tækniframförum. Það má segja að það sem við horfum fram á að myndi gerast í tæknipróun á ca. tveimur árum hafi gerst á tveimur mánuðum í COVID.“

## Nýir tímar, nýjar áskoranir

Wise flutti höfuðstöðvar sínar í Reykjavík úr Borgartúninu í Ofanleiti 2 nú um áramótin. Starfsmenn Wise í Reykjavík eru 80 talsins og hafa eðli máls samkvæmt ekki komið allir saman í einu á nýju skrifstofuna. Tölf manns starfa á Akureyri. Jóhannes nefnir að hann hlakki til að hitta allt samstarfsfólk sitt í nýju höfuðstöðvunum, taka spjall við kaffivélina og því sem fylgir að vera hluti af drifandi hópi. En fjarvinna er núna farin að verða eðlilegur þáttur í daglegri starfsemi fyrirtækja í kjölfar COVID og mun örugglega hafa áhrif til framtíðar:

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free, you may download it, copy it and give it away.

## Einkamál



Finndu félagskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.



## Tilkynningar



### ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi í Önundarfirði í Ísafjarðarbæ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 7. janúar 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Hóls við Hvilftarströnd, skv. 41 gr. skipulagslaga 123/2010.

Jörðin Hóll á Hvilftarströnd í Önundarfirði Ísafjarðarbæ er lögbýli og stærð hennar 1.200 að fornu mati. Stefnt er að því að byggja upp jörðina með húsakosti sem gefur möguleika á fastri búsetu og starfsaðstöðu fyrir eigendur, aðgengi með veltungu ásamt heimarafstöð/smávirðingun án allrar miðlunar, sem sjá mun býlinu fyrir allri orkuþörf.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **1. mars 2021** að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á heidajack@isafordur.is .

Skipulagsfulltrúi



### ÍSAFJARÐARBÆR

## Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi í Ísafjarðarbæ. Sólsetrið á Pingeyri

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti 26. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi við Vallargötu á Pingeyri, skv. 41 gr. skipulagslaga 123/2010.

Gert er ráð fyrir að reisa „Sólsetrið“, listaverk sem verður í eðli sínu sérstakt að því leyti, að vera „mann-gengur skúlptúr“ og „íveru- og upplifunarstaður“. Verkið, sem verður að hámarki 600 m<sup>2</sup> með 12 m hámarkshæð, verður opið öllum almenningi, í þeim tilgangi að tengja við og njóta náttúru staðarinnar, landi, fjöru, hafi og sól og samspili þessara þátta. „Sólsetrið“ mun jafnframt ramma inn sólarlagið í Dýrafirði auk þess að varpa á skjá, í rauntíma, myndskildum frá sólsetri á 24 öðrum stöðum í heiminum. Nýtingarhlutfall lóðarinnar verður 0,2.

Tillagan er aðgengileg á bæjarskrifstofum og á síðu Ísafjarðarbæjar: [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **1. mars 2021** að Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði eða á heidajack@isafordur.is .

Skipulagsfulltrúi

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## Tilkynningar



### Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

### Breyting á staðsetningu sjóvinnslusvæðis við Reykjanesvirkjun

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **19.febrúar 2021**.

## Skipulagsbreyting

### Tillaga að deiliskipulagsbreytingu Skarðshlíðar 3. áfanga, Hafnarfirði

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 06.01.2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu er nær til lóðarinnar við **Tinnuskarð 24** og að málsmeðferð fari skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga.

**Breytingartillagan** gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um eina eða úr 4 í 5, breyttum byggingarreit og bílastæðum. Gólfkóti er hækkaður um 0,5m, kóti í baklóð lækkaður um 1,35-1,5m. Tillaga þessi er auglýst samhliða tillögu að breyttu orðalagi almennra skilmála Skarðshlíðar 2. og 3 áfanga sem nú er í auglýsingu með athugasemdafresti til 18.02.2021.

### Tillaga að breytingu deiliskipulagsins Miðbær Hafnarfjarðar

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 06.01.2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu er nær til lóðarinnar við **Strandgötu 9** og að málsmeðferð fari skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga.

**Breytingartillagan** gerir ráð fyrir að íbúðir gildandi deiliskipulags verði minnkaðar og þeim fjölgað. Byggingarmagn í kjallara og á 3. hæð eykst en stærðir annarra hæða haldast nær óbreyttar.

Tillögur að breytingunum verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhella 2, frá 15.01 - 01.03.2021. Einnig er hægt að skoða gögnin á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is) undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar eigi síðar en 01.03.2021. Skal þeim skilað skriflega á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða á:

Hafnarfjarðarbær  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

[Hafnarfjordur.is](http://Hafnarfjordur.is)




intellecta.is

## RÁÐNINGAR



**Deloitte.**



## **Endurskoðun og reikningsskil**

Við hjálpum þér að koma auga á tækifærin og skilja áhætturnar

**deloitte.is**

# Endurskoðendur hið hressasta fólk

Grunnskólakennarinn Björn Óli Guðmundsson útskrifaðist með hæstu einkunn úr meistaranámi í endurskoðun og reikningshaldi frá HÍ. Hann segir ánægjulegast að létta áhyggjum af fólki.

Pórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Ég er upphaflega grunnskólakennari með áherslu á stærðfræði og starfaði sem slíkur á Akureyri þegar ég fann löngun til að bæta við mig þekkingu í viðskiptafræði, sem ég og gerði í Háskólanum á Akureyri. Ég fann að viðskiptageirinn átti vel við mig og fékk fljótlega vinnu innan hans sem jók enn á áhuga minn og úr varð að ég fór í meistaranámið og þaðan í löggildingarprófin,“ segir Björn Óli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi og stjórnandi hjá endurskoðendafyrirtækinu Enor.

Björn Óli fékk löggildingu sem endurskoðandi árið 2014 eftir að hafa útskrifast úr meistaranámi sem þykir eitt hið mest krefjandi við Háskóla Íslands.

„Nám hefur alltaf legið vel fyrir mér og ég hafði auðvitað tekið marga stærðfræðiafanga í gegnum tíðina, en þetta tók alveg á og maður þurfti að leggja sig fram. Ég bjó vel að því að vinna í faginu á sama tíma, að hafa aðgang að starfsfólki og þekkingu, og sjá hvernig námið nýttist í starfi,“ segir Björn Óli.

Erfiðast í náminu þóttu honum áfangar sem reyna hvað mest á þekkingu í tengslum við starfið, til



**Björn Óli spilaði á árum áður handbolta með meistara-flokki Breiðabliks, Vals og Stjörnnunnar. Hann er glaður yfir að vera orðinn löggiltur endurskoðandi en saknar stundum grunnskólakennslunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

dæmis tengda reikningsskilum og endurskoðun.

„Það gat einnig verið strembið að fara í gegnum flókna fjármála- og skattatengda kúrsa en það er auðvitað mikill kostur ef manni þykir þetta allt áhugavert og líka að hafa þessa sýn hinum megin frá,

úr starfinu. Námið er líka góður undirbúningur fyrir viðskiptalífið almennt, það er afar fjölbreytt og gagnlegt.“

Björn Óli fékk sérstaka viðurkenningu fyrir námsárangur og varð efstur í meistaranáminu. „Ég sinnti náminu að jafnaði

vel en hafði þá líka í huga að ætla í löggildingarprófin strax eftir meistaranámið og leit á námið sem undirbúning fyrir þau. Ég hafði því ekki bara metnað til að fá sem hæstar einkunnir, þótt það væri vissulega skemmtilegt. Ég var líka heppinn að lenda í góðum hópi nemenda sem var duglegur að hittast og læra saman og allt var það til góðs í náminu.“

## Kennaranámið gagnast vel

Enor sérhæfir sig á sviði endurskoðunar, reikningshalds og skatta og vinnur fyrir einstaklinga jafnt sem minni og stærri fyrirtæki.

„Sem löggiltur endurskoðandi stýri ég verkefnum og hópi fólks og stór hluti starfsins felst í mannlegum samskiptum, bæði gagnvart þeim sem maður vinnur með en líka tengslum við viðskiptavinum. Þar er maður í miklum samskiptum við stjórnendur og ekki síst starfsmenn fjármáladeilda fyrirtækja. Starfið er fjölbreytt og krefst yfirgripsmikillar þekkingar á öllum sviðum fyrirtækjareksturs, maður þarf að átta sig á hvernig rekstur tengist tölunum og hvaða hlutverki fólk gegnir í tengslum við það,“ upplýsir Björn Óli.

Hann segir kennaramenntunina gagnast sér vel í vinnunni sem endurskoðanda.

„Í kennaranáminu er lögd áhersla á samskipti og að koma fram fyrir framan fólk, að einstaklingar eru mismunandi og því mikilvægt að læra ólíkar aðferðir við að koma efni á framfæri með þeim hætti að fólk skilji það. Sú þekking gagnast vel, bæði í vinnu með samstarfsfólki sem og viðskiptavinum á fundum þar sem fara þarf yfir skjöl eða niðurstöður verkefna, en í grunninn þarf maður að hafa trausta og yfirgripsmikla þekkingu á faginu og eftir því sem maður stýrir stærri einingum og verkefnum þarf enn meiri þekkingu.“

Björn Óli bætir við að á öllum sviðum mannlífsins gildi að eiga í góðum samskiptum.

„Margir leita til endurskoðenda þegar þeir glíma við vandamál tengd rekstri en aðstæður og erfiðleikar eru þó oft ólík. Þá hjálpar að geta brugðist við með mismunandi aðferðum og lausnum sem henta hverju máli fyrir sig og getur það stundum létt á áhyggjum fólks þegar farið er yfir málin með því og það sér betur hvað þarf að gera til að leysa úr þeim. Það finnst mér mjög ánægjulegt og eitt það

skemmtilegasta við starfið, það snýst ekki endilega um að gera hlutina fyrir fólk heldur líka að hjálpa því að vinna úr hlutunum sjálfst.“

Með fram störfum sínum hjá Enor heldur Björn Óli fyrirlestra fyrir meistaranema í endurskoðun og reikningshaldi við HÍ.

„Ég hef tekið hluta úr nám-skeiðum í endurskoðendatengdum fögum og komið inn með fyrirlestra og verkefni. Ég hef gaman af því og það er ekki ónýtt að geta nýtt sér sína fyrri menntun sem kennari við þau tækifæri. Vonandi hafa nemendur gagn af því.“

## Litríkir einstaklingar

Í hugum margra er erkitýpan af endurskoðendum litlausir einstaklingar sem vinna með tölur á bak við tölvuskjá.

„Það er mikill misskilningur og þínu þekkingarleysi á starfinu þegar menn hafa af því ákveðna forskrift. Endurskoðendur eru upp til hópa hið hressasta fólk og starfið mun mannlegra en margir halda. Vissulega eiga endurskoðendur sameiginlegt að hafa áhuga, hæfni og þekkingu á að vinna með tölur. Því sækja þeir í fagið umfram aðra, hvort sem það er vegna þess að aðrir vanmeta eigin getu eða telja sér trú um að ná ekki tökum á stærðfræði, sem er algengt. Fyrir mitt leyti er best að fá sem fjölbreyttasta flóru fólks í endurskoðun, þannig einstaklingar bæta hverjir aðra upp, en inni á milli finnum við líka þennan dæmigerða endurskoðanda sem liður best fyrir framan tölvuna og er eldklár í Excel.“

Björn Óli segir alltaf þörf á góðu fólki í hóp endurskoðenda.

„Nú þarf meistaranám til að fá að þreyta löggildingarprófin og þau eru vissulega mikil áskorun, en fyrir mitt leyti tel ég að fólk sem einsetur sér að klára þau geti það. Allt snýst það um tíma og vinnu en eins og með alla erfiðu hjallana getur dagsform og fleira sett strík í reikninginn frekar en að menn geti þetta ekki. Námið er á pari við margt annað nám en löggildingarprófin, sem haldin eru af ráðuneytinu, eru þekkt fyrir að vera krefjandi og snúin. Því er maður auðvitað gríðarlega ánægður og heppinn að hafa komist í gegn um þau í fyrstu atrennu og náð löggildingu, það á við um alla umbun eftir erfiðisvinnu. Hins vegar er ekkert að því að reyna aftur, eins og margir gera. Undirbúningurinn er þó langur og strangur og ég get skilið að það sé ákvörðun úf fyrir sig.“

## Ánægður á nýjum vettvangi

Björn Óli er uppalinn í Kópavogi þar sem hann spilaði handbolta og fótbolta frá unga aldri.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum og var lengst af í handbolta, spilaði meðal annars með Breiðabliki, Val, Stjörnunni og á Akureyri. Nú er það golfið sem heillar mest, fyrir utan að vera með vinum og fjölskyldu. Maður er í þessu fyrir þau, konuna og strákana okkar þrjá, að byggja traustar stóðir undir fjölskylduna og gott líf.“

Hann segist ánægður með að hafa söðlað um úr kennarastarfinu yfir í endurskoðun.

„En ég sakna margra hluta kennarastarfsins og finnst gott að mega stundum grípa í það en það eru líka margar hliðar þess í starfi endurskoðandans, sérstaklega að fást við fólk. Því tel ég að þetta tvennt fari einkar vel saman.“

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Nýir Regluliðar, frá vinstri Gísli Georgsson, master í Software Systems Engineering frá University College London (UCL), Eður Sveinn Gunnarsson, BSc í tölvunarstærðfræði frá HR, Hjördís Ragnarsdóttir BSc í Viðskiptafræði frá HR, Ingi Þór Sigurðsson, BSc í Tölvunarfræði frá HR, og Pétur Ísfield Jónsson, MBA frá HR.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

# Sjálfvirkni sem hefur slegið í gegn

Regla er íslenskur viðskiptahugbúnaður sem getur þjónað flestum stærðum fyrirtækja, allt frá einyrkjum til þeirra sem eru með tugi starfsmanna og gefa út þúsundir reikninga á ári.

Það er rífast gangur hjá okkur," segir Kjartan Ólafsson, eigandi og framkvæmdastjóri Reglu, og bætir við: „Við þurfum ávallt að vera á tánum til að geta brugðist við þörfum viðskiptavina, en á tímum COVID koma upp ýmis verkefni sem við viljum leysa. Við teljum að heimsfaraldurinn muni breyta mörgu til framtíðar og þarf hugbúnaður eins og Regla að sjálfsögðu að bregðast við því. Það er til dæmis öllum ljóst að vefverslanir eru komnar til að vera og það hefur verið mikil sókn í vefverslunartengingar Reglu á undanförunum mánuðum. Bæði hafa núverandi viðskiptavinir okkar í Reglu verið að bæta vefverslun við sinn rekstur og svo sækjast nýir viðskiptavinir eftir kerfi með rauntíma uppfærslum á sölu og birgðum. Við erum með mjög góðar tengingar milli Reglu og Shopify og WooCommerce vefverslana og höfum eiginlega ekki haft undan við að innleiða þær undanfarna mánuði, sem er auðvitað mjög ánægjulegt vandamál. Eins hefur afgreiðsluferfið okkar slegið í gegn og hafa innleiðingar á því á tímum COVID verið miklu fleiri en við reiknuðum með," segir Kjartan.

## Rafrænar reikningar áskorun og tækifæri fyrir marga

Önnur áskorun sem blasir við viðskiptavinum Reglu er aukinn þrýstingur á rafræna reikninga, en mörg fyrirtæki og opinberar stofnanir eru farin að gera kröfu um að fá eingöngu rafræna reikninga. „Hvað þetta varðar höfum við reyndar um árabíl boðið upp á þessa virkni í Reglu og verið í fararbroddi. Enda er þetta mjög í samræmi við þá þróunarstefnu sem við settum í upphafi og höfum haldið okkur við, sem er að auka

**Kjartan Ólafsson, eigandi og framkvæmdastjóri Reglu, segir nóg að gera hjá Reglu við að leysa vandamál sem komið hafa upp hjá fyrirtækjum í COVID-19 faraldrinum.**



sjálfvirkni og minnka vinnuna við bókhaldið eftir því sem kostur er. Rafrænar reikningar, hvort sem er sending eða móttaka, er gríðarleg framför í fjárhagskerfum. Þetta er mikill tímasparnaður, villuhættan er mun minni og svo er þetta umhverfisvænt, sem skiptir okkur öll miklu máli, því ekki er gerð krafa um útprentun á reikningum, þar sem þeir ferðast þess í stað rafrænt á milli fyrirtækja. Rafrænar reikningar eru alltaf aðgengilegir inni í Reglu og er engin þörf á útprentun eða skönnun á þeim.“

## Regla hentar jafnt í heimavinnu og á skrifstofunni

Heimsfaraldurinn hefur neytt marga til að vinna heima við og þar hefur Regla reynst harkur í horni því hugbúnaður Reglu er allur á veraldarvefnum og notandi getur unnið í honum hvar sem er. „Nýtt skönnunarapp Reglu fyrir

fylgiskjöl hefur líka komið sér vel en það gerir viðskiptavinum okkar kleift að nýta símann til að koma myndum af fylgiskjölunum sínum beint inn í sína Reglu þar sem er svo unnið úr þeim. Þetta er ekki síst hentugt fyrir viðskiptavinum bókhaldsstofa sem nota í auknum mæli Reglu. Engin þörf er á heimsöknum milli aðila heldur færast skjölín rafrænt. Viðskiptavinir okkar í Reglu geta því heldur betur hlýtt þrjúeykinu góða og sleppt óþarfa fundum, en haft samt óhindraðan aðgang að öllum sínum gögnum.“

Kjartan segir að Regla megi vel við árangur ársins 2020 una. „Auðvitað hefur vöxtur ekki verið eins mikill og mörg undanfarin ár því margir viðskiptavinir Reglu hafa því miður átt undir högg að sækja í þessum mikla faraldri.“ Þá segir hann að fyrirtækið hafi komið til móts við sitt fólk eftir

fremsta megni og reynt að létta undir meðan ástandið gengur yfir. Hann horfir þó björtum augum til framtíðar því fram undan er bóluasetning heimsbyggðarinnar og atvinnulífið snýst aftur í gang. „Regla er hugbúnaður sem á erindi við nútímann og framtíðina líka. Sjálfvirkni og vinnusparnaður eru sígild markmið og þar erum við á heimavelli. Við erum með hugbúnað sem stækkar með fyrirtækjunum, er einfaldur í notkun og mjög öflugur," segir Kjartan.

## Skrifstofan í símann

Kjartan segir að árið 2020 hafi þróunarhugmyndin verið „Skrifstofan í símann“ og þó talsvert hafi unnist á þeim vettvangi er því verkefni langt frá því lokið. „Skönnunarapp í símanum hefur farið vel af stað og skráning í verkþókhald sömuleiðis, en nú er hægt að skrá bæði tíma og efni í símanum.

Fyrir athafnafólk á ferðinni getur verið gott að geta klárað að gera reikninga strax og hefur það verið útfært í smáforriti í símann, bæði fyrir Android síma og iPhone.“

## Við leggjum áherslu á þjónustu

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á góða þjónustu og gott gengi Reglu á undanförunum árum má ekki síst þakka henni. Við höfum líka ávallt lagt áherslu á að vera með sanngjarnt verð en þjónustan verður alltaf númer eitt," segir Kjartan. Regla býður upp á ókeypis námskeið tvisvar í mánuði fyrir viðskiptavinum. „Þau voru alltaf haldin hér í fundarherberginu á Suðurlandsbraut 50, en COVID henti okkur í djúpu lauginu og nú eru öll námskeið á netinu. Það hefur gengið ótrúlega vel og við höfum útrýmt biðlistum. Í stað þess að hafa pláss fyrir fimm eins var áður geta allir mætt á námskeið sem vilja og síðasta námskeið sátu tæplega 50 nemendur.“

## Framtíðin er björt

Það er augljóst að Regla rifar ekki seglin þrátt fyrir heimsfaraldur. Á undanförunum vikum hefur fyrirtækið ráðið sex starfsmenn í fullt starf og hefur nú þrefaldað starfsmannafjöldann á fimm árum. „Já, það eru kannski ekki mörg fyrirtæki að fjölga starfsmönnum á þessum tíma en það eru mörg mikilvæg verkefni sem við verðum að leysa fyrir okkar viðskiptavinum og í þessum „bransa“ þýðir ekkert að staldra mikið við. Þróunin er á fleygiferð og við verðum að vera á tánum," segir Kjartan að lokum.

Regla ehf. er staðsett að Suðurlandsbraut 50. Sími: 520-1200. Nánari upplýsingar á regla.is.

# Dýrmæt reynsla sem nýtist alla ævi

Fjögurra mánaða dvöl Gísla Páls Baldvinssonar, löggilts endurskoðanda, hjá KPMG í Zürich í Sviss var bæði lærdómsrík og skemmtileg. Frístundirnar voru ekki margar en voru nýttar á skiðum.

Gísl Páll Baldvinsson, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG á Íslandi, starfaði um fjögurra mánaða skeið hjá KPMG í Zürich í Sviss. Um var að ræða svokallað „secondment“ sem er tíma-bundin dvöl þar sem aðstoðað er við ýmiss konar verkefni. „Það var frábært tækifæri að fá að starfa í alþjóðlegri fyrirtækjamenningu og óðlast reynsluna sem fylgir því að koma að endurskoðun á einu af stærstu fyrirtækjum heims. Það er eitthvað sem er ekki í boði á Íslandi. Þá er einnig dýrmætt að hafa fengið að starfa með fjölda fólks innan KPMG á heimsvísu og mynda þannig mikilvæg sambönd við kollega sem að ég mun búa að til framtíðar. Ég mæli hiklaust með þessu ef tækifærið gefst.“

## Bauðst tækifæri

Um var að ræða fjögurra mánaða tímabil, frá desember 2018 til mars 2019. „Deildin hjá KPMG í Sviss, sem sér um endurskoðun á fyrirtækjum sem gera upp samkvæmt bandarískum reikningskilastöðlum, hafði fengið nýjan viðskiptavin sem var bæði einn af þeirra stærstu auk þess að vera Fortune 500 fyrirtæki. Þau vantaði starfskraft til að aðstoða við endurskoðunina og vildu bæta við fólki frá Norðurlöndum í teymið. Því var haft samband við KPMG á Íslandi og eftir tvö viðtöl var mér boðið tækifærið til að fara út.“

## Fjölbreytt verkefni

Gísl vann því einungis fyrir þetta eina fyrirtæki en það starfar í orku- og tæknigæiranum. „Endurskoðunarteymið samanstóð af um 50 manns og þar af störfuðu 30 þeirra einungis fyrir þennan eina kúnna allan ársins hring. Helstu verkefni mín voru að sjá um endurskoðun á þeim svik-semismálum og málaferlum sem móðurfélagið og dótturfélög stöðu í og áhrifum þeirra á ársreikning samstæðunnar. Einnig kom ég að endurskoðun á eftirlitsþáttum er sneru að framfylgni félagsins og dótturfélaga við lög og reglur. Um er að ræða félag með starfsemi í öllum heimsálfum og nokkur hundruð dótturfélög og eins og gefur að skilja getur margt komið upp á þegar starfsemi er orðin svona víðtæk. Þá stýrði ég einnig endurskoðun á sjóðstýringareiningum samstæðunnar en þær voru allar í dótturfélögum í Hollandi.“

Hann segir vinnustadarkultúr-



Gísl Páll Baldvinsson starfaði um fjögurra mánaða skeið hjá KPMG í Zürich í Sviss. Hann segir það hafa verið dýrmætun tíma. MYNDIR/ADSENDAR

inn hafa verið frekar bandarískan en svissneskan enda var meirihluti alþjóðlega endurskoðunarteymisins frá Bandaríkjunum. „Það þurfti þó að fylgja svissneskri vinnulöggjöf og voru því takmarkanir á vinnutíma, svo sem einungis 12,5 tímar á dag utan matartíma, hámark 75 tímar á viku og alltaf frí á sunnudögum. Samkvæmt bandarískum kollegum mínum þótti þetta frekar stuttur vinnutími og þeir áttu ekki orð yfir hve stutt hefðbundin íslensk 37,5 tíma vinnuvika væri.“ Upplifun Gísla af Svisslendingum var sú að þeir voru almennt frekar yfirvegaðir og rólegir. „Þeir eru vaknaðir fyrir allar aldir og halda sunnudagana mjög heilaga en þeim skal alltaf eytt í útveru enda er allt lokað í Sviss á sunnudögum.“

## Á skiðum í Ölpunum

Það var ýmislegt gert sér til skemmtunar utan vinnunnar en Gísla þótti Zürich vera ótrúlega þægilega og frekar róleg borg með mörgum skemmtilegum veitingastöðum og verslunum. „Þar sem að ég var þarna í helstu endurskoðunartörninni var frítíminn af skornum skammti en þó var alltaf frí á sunnudögum og einstaka lengri helgar. Á þessum frídögum tók ég yfirleitt fram skiðin og fór með lestinni í Alpina en það var aðeins rúmlega klukkutími í næsta skiðasvæði. Þá hitti ég einnig reglulega vinarhópa frá Íslandi á skiðasvæðunum í Sviss og Austurríki, til dæmis yfir þessar lengri helgar. Föstudagskvöldin voru svo yfirleitt nýtt til að prufa nýja veitingastaði með teyminu.“



Gísl Páll á skiðum í Ölpunum.



Zürich er ótrúlega þægileg og frekar róleg borg með mörgum skemmtilegum veitingastöðum og verslunum að sögn Gísla Páls.



## Það hefur aldrei verið ódýrara að skipta um bókhaldskerfi

- Birgða- og framleiðslukerfi
- Tollakerfi
- EDI & rafrænir reikningar
- Rafræn VSK skil
- Beintenging við banka
- Eignakerfi
- Verkbókhald
- Tímaskráningarapp

 UNICONTA





Framkvæmdastjórinn Sigurður með nýju Egla-möppurnar sem eru úr pappa og pappir og því plastlausar og enn umhverfisvænni kostur.

# Röð og regla með Egla

Múlalundur vinnustofa SÍBS í Mosfellsbæ býður nú nýja gerð Egla-bókhaldsmappa. Nýju möppurnar eru plastlausar og henta því vel til endurvinnslu að loknum notkunartíma.

Egla-möppurnar eru mikilvægur þáttur í starfsemi Múlalundar, vinnustofu SÍBS, sem veitir árlega um 80 manns með skerta starfsorku vinnu. Hefðbundnar Egla-möppur hafa haldið utan um gögn einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi í áratugi við góðan orðstír, og eru líklega vinsælustu bókhaldsmöppur á Íslandi.

## Umhverfisvænni án plasts

Nýju Egla-möppurnar eru eingöngu úr pappa og pappir, auk járnsins, og er pappírskápan límd utan á enduruninn pappa. Þær eru því án plasts og henta vel til endurvinnslu í lok notkunar.

„Nýju möppurnar eru sérstyrktar, járnin eru þau sömu og áður, og við vonumst til að þær endist jafn vel og hefðbundnar Egla-möppur. Það er þó klárt að þær þola til dæmis bleytu síður en gömlu möppurnar, sem yfirleitt er ekki vandamál. Pappírinn í möppunum er evrópskur, vottaður pappír. Þær eru því enn umhverfisvænni kostur en eldri gerðin,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar.

## Mikil ending fyrir umhverfið

Hefðbundin Egla-mappa er samsett úr sterkri plastkápu sem er límd utan á endurunnið pappaspjald og hún síðan járnud. Það býðir að við lok notkunar-tíma möppunnar þarf að flokka möppuna sem almennt sorp. Það jákvæða er að Egla-möppur eru mjög sterkar og endingargóðar.

„Fjölmörg fyrirtæki og einkaaðilar nýta sömu möppurnar aftur og aftur, ár eftir ár. Við teljum að þessi langa ending geri þær mjög umhverfisvænar þegar allt er talið. Plastið sem notað er í möppurnar er evrópskt plast sem tryggir að öll íblöndunarefni eru skráð og þekkt,“ segir Sigurður.

## Tvær stærðir og þrjú litir

Hefðbundnar Egla-möppur fást í nokkrum stærðum og átta litum, en til að byrja með verður boðið upp á nýju möppurnar í sex útfærslum, svörtum, hvítum og bláum, með 5 cm eða 8 cm breiðum kili.

„Svartir, hvítir og bláir litir passa við alla aðra liti á skrifstofunni og hafa lengi verið vinsælustu litirnir á meðal viðskiptavina Egla. Blár er nýr litur í ár,“ segir Sigurður.

„Á áramótatilboði Múlalundar eru þessar möppur á sérstaklega góðu verði, aðeins 849 kr. sem er sama og tilboðsverðið á öðrum Egla-möppum.“

## Límdir eða engir kjölmiðar

Til að losna alveg við plast á nýju möppunum er kjölmiðum ekki lengur rennt ofan í plastvasa á kili, heldur eru þeir límdir á möppuna. Hægt er að fá aukamiða sem límdir eru yfir þá gömlu eða þeim eldri skipt út fyrir nýja.

„Vilji fyrirtæki framleiða eigin kjölmiða til að líma á sínar möppur getur Múlalundur séð um það fyrir viðskiptavinum. Þá er nú í fyrsta skipti hægt að fá Egla-



Múlalundur tekur að sér fjölbreytt verk efni og vörurnar skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



Gömlu og góðu Egla-möppurnar fást í átta fallegum litum og mismunandi stærðum.



Múlalundur selur einnig geymslubox úr endurvinnanlegum pappa.

möppur án kjölmiða og þá annað hvort að láta letta upplýsingar eða merki á kjölinn, eða hafa hann alveg auðan. Sumum viðskiptavinum finnst það flottara og nútímalegra, og þá bjóðum við að sjálfsgöðu upp á þann möguleika,“ segir Sigurður Viktor.

Þess má geta að Múlalundur býður áfram upp á aukakjölmíða á nýju og eldri möppugerðir, til að renna í plastvasana eða líma á nýju möppurnar. Það skapi enn meiri vinnu á Múlalundi.

## Áletrun fyrir öryggi gagna

Margt er í boði þegar laga þarf Egla-möppur að sérþörfum viðskiptavina. Staðlaðar möppur eru tveggja gata, en óski viðskiptavinnir eftir því eru í boði bæði þriggja og fjögurra gata Egla-möppur. Múlalundur býður einnig upp á að letta fyrirtækjamerki og upplýsingar á Egla-möppur, sem skapar enn meiri vinnu á Múlalundi.

„Töluvert margar stofnanir og fyrirtæki nýta sér þetta. Með því auka þær upplýsingaöryggi, því þá er skýrt ef mappa frá þeim er komin þangað sem hún á ekki að vera. Merkingarnar eru fallegar og möppur oft áletraðar útlitsins

vegna. Sumir viðskiptavinir láta gera eigin kjölmiða og setja þannig sinn svip á rýmið sem mappan er í,“ bætir Sigurður við.

## Box í sama útliti fyrir allt hitt

Hluti af Egla-línunni eru svokölluð timaritabox sem hægt er að nota undir skýrslur og gögn sem ekki er hægt að gata og setja í möppur.

„Kjölurinn á þeim litur út eins og Egla-mappa og því verða hillur mjög snyrtilegar þegar einungis sést í kilina og engar lausar skýrslur eru á við og dreif um hillurnar. Hefðbundnar Egla-möppur má einnig fá minni, fyrir A5-gögn, bæði standandi og liggjandi, og fleiri stærðir. Þá býður Múlalundur gatapoka sem passa í allar möppurnar svo vel fari um gögnin,“ útskýrir Sigurður en þess má geta að Múlalundur býður einnig upp á geymslukassa og geymsluteina.

## Áramótatilboð út janúar

Nú í janúar eru hin árlegu áramótatilboð Múlalundar, þar sem fjölbreyttar skrifstofuvörur eru á góðum tilboðum og sendar beint til viðskiptavina. Því til viðbótar hafa nú umbúðir og sóttvarnavörur bæst í hópinn. Hægt er að

skoða tilboðin í fallegum áramótábæklingi á vefsíðu Múlalundar, mulalundur.is.

Þá býður Múlalundur upp á dagatöl, dagbækur og fjölbreytt úrval skrifstofuvara.

„Undanfarin misseri hefur verið unnið að umhverfismálum á Múlalundi. Plastið sem Múlalundur notar í möppur, plastvasa, barmmerki og fleira er evrópskt plast sem er vottað og skráð í evrópska gagnagrunna. Það tryggir að öll íblöndunarefni eru þekkt. Plastið er einnig vottað til notkunar í leikfangafraamleiðslu þar sem gert er ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. Til að fá slíka vottun í Evrópu þarf hreinleikinn að vera mjög mikill,“ segir Sigurður.

## Vefverslunin vinsæl

Á vefsíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun með skrifstofuvörur, pappir, sóttthreinsivörur og margt fleira.

„Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari þóntun yfir 20 þúsund krónur er frí heimsending um allt land. Fyrir minni pantanir er lágt sendingargjald, 2.650 krónur.

## Virkir á vinnumarkaði

Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleirum með skerta starfsorku, en forsenda fjölgunar eru aukin viðskipti og verkefni.

„Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera. Vinnudagur og verkefni eru löguð að getu hvers og eins. Á Múlalundi er sífellt leit að nýrri verkefna. Nýjar og enn umhverfisvænni Egla-möppur styðja við starfsemi Múlalundar og tryggja að í fyrirtækjum sé „röð og regla með Egla“, eins og við segjum á Múlalundi, í góðri sátt við umhverfið,“ segir Sigurður ánægður.

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500. Netfang: mulalundur@mulalundur.is. Sjá mulalundur.is



Mick Jagger er svo sannarlega margt til lista lagt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Talnaglöggar stórstjórnur

Skemmtikraftar eru ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar endurskoðun og bókhald er annars vegar. Engu að síður búa þó nokkrir vel þekktir einstaklingar yfir reynslu á sviði endurskoðunar. Má þar til að mynda nefna sjálfan Mick Jagger, söngvara hinnar ódauðlegu Rolling Stones, en hann lagði stund á nám í fjármálum og bókhaldi við London School of Economics áður en heimsfrægðin bankaði á dyrnar. Söngkonan Janet Jackson lærði einnig bókhald áður en sneri sér alfarið að skemmtanabransanum ásamt breska uppistandanum Eddie Izzard sem einnig lærði bókhald áður en hann sló í gegn í grínheimum. Síðast en ekki síst má nefna goðsögnina Kenny G., en hann lærði bókhald í Háskólanum í Washington áður en hann sigraði heiminn með seiðandi saxófónblæstri sínum.



Excel er helsta vinnutæki margra endurskoðenda og bókhaldara.

## Excel stendur fyrir sínu

Microsoft Excel er reiknivangur sem Microsoft þróaði fyrir Windows, macOS, Android og iOS. Virkni forritsins er meðal annars reikningsgerð, gerð grafa og taflna, sem og veltitafli og býður upp á sérstakt forritunarmál fyrir fjölvaforritun eða Visual Basic for Applications (VBA).

Í samanburði við gögn stórfyrirtækja eru fjármagnsupplýsingar minni fyrirtækja oftast einfaldari og minni í sniðum. Excel-forritið nýtist vel minni fyrirtækjum í þeim tilgangi að vinna úr einföldum endurskoðunarferlum eins og fjárhagsáætlun og framtíðarspá. Excel hefur verið og er enn í dag vinsælasta verkfæri hjá þeim sem sjá um bókhald og endurskoðun fyrirtækja á smærri skala, sérstaklega eftir að fimmta útgáfa forritsins kom út árið 1993. Þá leysti forritið af hólmi Lotus 1-2-3 sem staðalreiknivangur iðnaðarins.

# Mikið af námi í boði

Þeir sem hafa áhuga á að sækja nám í endurskoðun eða bókhaldi hafa úr miklu að velja. Bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða upp á slíkt nám á háskólastigi, en auk þess eru ýmis námskeið í boði.

Háskóli Íslands býður upp á grunnnám í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald. Markmið námsins er að nemendur þekki reikningshald og reikningskil

félaga, fræðileg hugtök og beitingu þeirra, lagaumhverfi reikningshalds og skattlagningu hlutafélaga og séu tilbúnir fyrir framhaldsnám í reikningshaldi. Hjá Háskóla Íslands heitir framhaldsnámið Meistaránám í reikningskilum og endurskoðun.

Háskóli Reykjavíkur býður einnig upp á framhaldsnám, sem heitir meistaránám í reikningshaldi og endurskoðun. Það lýtur að gerð

ársreikninga, skattaskilum, notkun staðla og reglna um reikningagerð og endurskoðun ársreikninga.

Fyrir þá sem eru ekki að leita að háskólaprófi í þessum greinum eru líka ýmis konar námskeið í boði sem tengjast bókhaldi og endurskoðun hjá NTV, Keili, Opna háskólanum, Endurmenntun, Promennt og víðar. Það er margt í boði, þannig að allir ættu að geta fundið nám sem hentar þeim.



Háskóli Íslands býður upp á grunn- og framhaldsnám í endurskoðun og bókhaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Góð yfirsýn yfir reksturinn

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Bókhald / Laun / Skattur / Ráðgjöf

PwC | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.


Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar




**25% Afsláttur af öllum legsteinum\***  
**Allt að 12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur**  
 sjá nánar á [www.granithollin.is](http://www.granithollin.is)



214.900 KR.  
 161.175 KR.



287.900 KR.  
 215.925 KR.



415.900 KR.  
 311.925 KR.



353.900 KR.  
 265.425 KR.




451.900 KR.  
 338.925 KR.



343.900 KR.  
 257.925 KR.




367.900 KR.  
 275.925 KR.




355.900 KR.  
 266.925 KR.



369.900 KR.  
 277.425 KR.



430.900 KR.  
 323.175 KR.



455.900 KR.  
 341.925 KR.

**Ath: Áletrun og fylgihlutir eru ekki inn í verði**

**VETRAROPNUN JAN TIL APRÍL 12:00 TIL 17:00**

**ÞARF AÐ ENDURNÝJA  
 LETRIÐ Á STEININUM?**

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ  
 HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á  
 LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ  
 OKKUR AÐ RÉTТА AF LEGSTEINA SEM  
 ERU FARNIR AÐ HALLA.



Alksturgjald bætist við út á land  
 Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16  
 112 REYKJAVÍK

**Graníthöllin**  
 Legsteinar

SÍMI 555 3888  
 GRANITHOLLIN.IS

# VATNSHITABLÁSARAR

Verð  
frá kr  
**99.990**



## VERTU KLÁR FYRIR KULDANN!

# íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

WWW.VIFTUR.IS  
MESTA ÚRVALIÐ Á NETINU

Nýir

# NISSAN LEAF TEKNA e+ 62 kwh

Evrópubílar með **STÓRA** batteríinu  
8 ára rafhlöðuábyrgð

Á frábæru  
tilboði!



VERÐ AÐEINS

# 4.990

ÞÚSUND

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- App aðgangur
- 360° Myndavélakerfi
- Leðursæti
- Hiti í sætum og stýri
- Bose hljóðkerfi
- ProPilot

Komið og reynsluakið  
Skoðum með uppítöku  
á öllum tegundum bifreiða

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · stora.is  
facebook.com/storabilasalan  
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni  
opið mán-fös 10-18  
lau 12-15

2017-  
2019

Fyrirmyndarfyritæki  
í rekstri

Váðskiptablaðið Keldan

## STÓRA BÍLASALAN

...á verði fyrir þig!



# Við segjum fréttir

Í 34 ár hefur fréttastofa Stöðvar 2 verið hluti af daglegu lífi íslensku þjóðarinnar. Á þessum tíma hefur samfélagið tekið miklum breytingum og fjölmiðlar hafa ekki farið varhluta af því. Sú breyting hefur nú átt sér stað að fréttatími Stöðvar 2 er nú aðeins aðgengilegur áskrifendum. Á sama tíma kynnum við áður óþekkt verð á Stöð 2 og Stöð 2+ efnisveitunni ásamt sveigjanlegri áskriftarskilmálum.

Við hlökkum til að fylgja þjóðinni áfram og færa henni traustar og nútímalegar fréttir til framtíðar.



+



=

**7.990 kr./mán.**

Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

## Engin binding á áskrift


Skilmálar okkar eru einfaldir og þægilegir. Þú getur sagt upp eða breytt áskrift til og með 25. hvers mánaðar. Breytingin tekur þá gildi fyrsta dag næsta mánaðar.



Stöð 2+

**3.990 kr./mán.**

Tryggðu þér áskrift á [stod2.is](http://stod2.is)



Ragnar vantar sjö leiki til að jafna leikjamat karlalandsliðsins.

## Ragnar seldur til Úkraínu

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmiðvörðurinn Ragnar Sigurðsson skrifaði í gær undir sex mánaða samning við úkraínska liðið Rukh Lviv. Ragnar kemur til liðsins frá FCK í Danmörku. Hinn 34 ára gamli Ragnar er annar Íslendingurinn til að leika í Úkraínu á eftir Árna Vilhjálmssyni.

Árbæingurinn hefur einnig leikið fyrir Gautaborg í Svíþjóð, Fulham á Englandi og Krasnodar, Rubin Kazan og Rostov á atvinnumannafélinum. Rukh Lviv leikur í fyrsta sinn í efstu deild í Úkraínu þetta árið en það eru aðeins tólf ár liðin síðan liðið tefldi fram meistaraflökki í fyrsta sinn. Liðið er í fallbaráttu í næst neðsta sæti þegar tímabilið er tæplega hálfnað en eitt lið fellur niður úr efstu deild í Úkraínu. – kpt

## Karólína samdi við Bayern

**FÓTBOLTI** Landsliðskonan Karólína Lea Vilhjálmssdóttir fékk í gær leikheimild í Þýskalandi þar sem hún kemur til með að leika með Bayern München. Hún er önnur íslenska konan sem leikur fyrir þýska stórveldið á eftir Dagnýju Brynjarsdóttur.

Hin nítján ára gamla Karólína sem er uppalin í FH varð Íslandsmeistari með Breiðablik í annað sinn á ferlinum á síðasta ári en þrátt fyrir ungan aldur hefur hún leikið 78 leiki í efstu deild. Þá lék Karólína vel með íslenska kvennalandsliðinu í undankeppni EM á síðasta ári. – kpt

## Drógu liðið úr keppni á HM

**HANDBOLTI** Grænhöfðaeypjar tilkynntu Alþjóðahandboltasambandinu, IHF, í gær að ákveðið hefði verið að draga liðið úr keppni á HM í handbolta fyrir lokaleikinn í riðlakeppninni.

Við komuna til Egyptalands kom í ljós kórónaveirusmit innan leikmannahóps Grænhöfðaeypja og var ljóst að liðið gæti varla teflt fram tíu manna liði í lokaleiknum gegn Úrúgvæ í dag. Frumraun Grænhöfðaeypja á HM entist því aðeins í einn leik því Þýskalandi var dæmdur sigur gegn Grænhöfðaeypjum.

Úrúgvæ sem er einnig að þreyta frumraun sína á mótinu er því komið áfram í milliriðlana þrátt fyrir að hafa tapað með 26 og 29 mörkum gegn Ungverjalandi og Þýskalandi. Úrúgvæ var því dæmdur sigur gegn Grænhöfðaeypjum í lokaleik riðilsins og fer áfram. – kpt

## Grófur varnarleikur Marokkó kom ekki í veg fyrir sigur



Íslenska karlalandsliðið í handbolta lét ekki grófa varnartilburði Marokkó fara í taugarnar á sér þegar Strákarnir okkar unnu átta marka sigur á HM í gærkvöld. Ísland fer með tvö stig inn í milliriðlana og lifir draumurinn um sæti í átta liða úrslitum enn goðu lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fær aldrei að nýta meðbyrinn

Heimsfaraldurinn er að leika hnefaleikakappann Kolbein Kristinsson grátt. Fyrir ári vann hann sinn fyrsta bardaga í Bandaríkjunum en tækifærin hafa verið af skornum skammti í heimsfaraldurinum.

**HNEFALEIKAR** „Ég átti nú ekki von á þessu, að það myndi ár liða milli bardaga þegar veiran kom fyrst upp í fyrra. Ég var úti í lokaundirbúningi fyrir bardaga sem var blásinn af sex dögum fyrir bardaga. Svo átti ég að koma aftur seinni hluta sumarsins og berjast en það varð ekkert úr því. Það er mjög skrytið að hugsa til þess að komið sé ár frá síðasta bardaga,“ segir Kolbeinn Kristinsson, eini atvinnuhnefaleikakappi Íslands, í samtali við Fréttablaðið um stöðu sína.

Í gær var eitt ár liðið frá síðasta bardaga Kolbeins og þeim fyrsta sem fór fram í Bandaríkjunum eftir að hafa skrifað undir hjá umboðsmannaskrifstofunni Salita Promotions. Þá hafði Kolbeinn betur gegn Dell Long með rothöggi í annarri lotu og vann með því tólfta atvinnumannabardagann sinn. Kolbeinn er enn ósigrður á atvinnumannsferlinum í hnefaleiknum.

Það eru enn eitthvað um hnefaleikakvöld á heimsvísu en þau eru heldur færri en það sem þekktist áður. Kolbeinn hefur fengið einhver tilboð um að berjast upp á síðkastið með tilheyrandi sóttvörnum í aðdraganda bardaganna en að hans sögn eru tilboðin yfirleitt ekki mjög heillandi.

„Það hafa nokkur tilboð komið inn á borðið en þau hafa verið misspennandi. Oftast eru þetta umboðsmenn annarra hnefaleikakappa að reyna að finna bardaga fyrir sína skjólstæðinga með stuttum fyrirvara, yfirleitt með tíu daga fyrirvara eða minna. Slíkur



Kolbeinn er enn ósigrður á atvinnumannsferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

